




HVAR ÞRENGIR AÐ?

SKÝRSLA RAUÐA KROSS ÍSLANDS 2010

Samantekt	3
Formáli	6
Inngangur	7
Aðferðafræði	10
<i>Framkvæmd rannsóknarinnar</i>	<i>10</i>
<i>Rannsóknaraðferðir</i>	<i>10</i>
<i>Hlutverk teymisins</i>	<i>10</i>
<i>Þátttakendur</i>	<i>10</i>
<i>Gagnasöfn og úrvinnsla gagna</i>	<i>11</i>
Niðurstöður	12
<i>Hópar í samfélaginu sem standa höllum fæti</i>	<i>12</i>
<i>Leiðir til úrbóta</i>	<i>15</i>
<i>Hópar sem þarf að hafa í huga í framtíðinni</i>	<i>16</i>
<i>Munurinn á milli sveitarfélaga og landshluta</i>	<i>17</i>
<i>Munur á bágri félagslegri og fjárhagslegri stöðu</i>	<i>18</i>
<i>Fátækt á Íslandi</i>	<i>18</i>
<i>Ofbeldi og áhrif þes</i>	<i>19</i>
Niðurstöður úr netkönnun	20
Niðurlag	22
Heimildaskrá	23
Viðauki I	25
Viðauki II	26

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir niðurstöðum könnunar sem framkvæmd var á vormisseri 2010. Meginmarkmið hennar er að kanna hvaða hópar á Íslandi standa höllum fæti en Rauði krossinn hefur skuldbundið sig til að vinna með og fyrir þá sem berskjaldaðir eru. Tilgangur könnunarinnar er að skilgreina hvar þörfin fyrir aðstoð er mest hverju sinni, forgangsraða verkefnum svo þau nýtist sem best og vekja athygli almennings og stjórnvalda á aðstæðum þeirra sem veikar standa á Íslandi. Rauði kross Íslands hefur þrisvar sínum áður staðið fyrir gerð slíkra kannana allt frá árinu 1994.

Könnunin byggist á upplýsingum frá 69 einstaklingum víðsvegar að af landinu á ólíkum starfssviðum sem allir starfa í nánum tengslum við berskjaldaða hópa. Að auki er horft til niðurstaðna netkönnunar sem framkvæmd var af MMR (Markaðs- og miðlarannsóknnum).

Fimm hópar standa verst í íslensku samfélagi skv. könnuninni. Það eru: **atvinnuleitendur, barnafjölskyldur og einstæðir foreldrar, innflytjendur, öryrkjar og börn og ungt fólk sem skortir tækifæri**. Ekki eru allir sem tilheyra ofangreindum hópum bágstaddir, heldur þeir sem auk þess að tilheyra hópunum búa við erfiðar félagslegar og/eða fjárhagslegar aðstæður.

Ástæður þess að atvinnuleitendur standa höllum fæti eru eftirfarandi:

- Atvinnuleitendur eiga erfitt með að standa undir lágmarksútgjöldum og óvissan á vinnumarkaði gerir það að verkum að þeir vita ekki hversu lengi þeir þurfa að „redda sér“. Þar af leiðir að andlegt ástand og félagsleg staða þeirra versnar. Afleiðingar atvinnuleysis á andlega og líkamlega líðan fólks geta verið margvíslegar. Atvinnuleysi getur leitt til brostinnar sjálfsmyndar, minna sjálfstrausts, aðgerðaleysis og einangrunar. Sumir upplifa einnig tilfinningalega vanlíðan, s.s. doða, vonleysi, kvíða, samviskubit og jafnvel þunglyndi.
- Atvinnuleitendur með litla menntun umfram grunnskólapróf eru fjölmennasti hópurinn á atvinnuleysis-skrá og þeir sem standa verst innan hópsins. Þeir eiga erfiðara með að fá vinnu og voru áður með lágar tekjur.
- Atvinnuleitendur með börn á framfæri eru einnig hópur sem stendur illa vegna þess hversu erfitt þeir eiga með að ná endum saman og standa við skuldbindingar sínar.

Ástæður þess að barnafjölskyldur og einstæðir foreldrar með lágar tekjur standa höllum fæti eru eftirfarandi:

- Barnafjölskyldur og einstæðir foreldrar með lágar tekjur búa oft við fátækt. Kostnaður við framfærslu hefur hækkað, en hvorki bætur né lægstu launin hafa hækkað til samræmis við það. Þessi hópur á erfitt með að ná endum saman og leitar sér gjarnan aðstoðar vegna útgjalda tengdum börnunum, t.d. vegna skólamál tíða og tómstunda.

Ástæður þess að það hallar á innflytjendur eru eftirfarandi:

- Berskjaldaðastir í hópi innflytjenda eru þeir sem tala litla eða enga íslensku, þeir sem eru einangraðir og skortir félagslegt stuðningsnet. Lítil eða engin íslenskukunnátta er stór hluti ástæðunnar fyrir því að þessir innflytjendur eru berskjaldaðir. Án tungumálsins eiga þeir erfitt með að taka þátt í því sem samfélagið hefur upp á að bjóða sem gerir það að verkum að þeir einangrast félagslega og skortir tengslanet, m.a. til að finna aðra vinnu ef svo ber undir.
- Börn innflytjenda standa einnig höllum fæti. Þau búa oft við hindranir og þurfa að tileinka sér nýja menningu og læra nýtt tungumál.

Ástæður þess að öryrkjar standa höllum fæti eru eftirfarandi:

- Þeir öryrkjar sem lifa á óskertum bótum frá Tryggingastofnun standa höllum fæti í samfélaginu, m.a. vegna þess að bætur duga þeim ekki til framfærslu. Lyf eru dýr og mörg þeirra eru lítið niðurgreidd. Öryrkjar hafa auk þess ekki möguleika á því að bæta kjör sín með hlutastarfi því um leið og tekjur þeirra aukast þá skerðast bæturnar.
- Öryrkjar með börn á framfæri eiga sérstaklega erfitt með að ná endum saman. Félagsleg einangrun er

algeng meðal öryrkja. Margir í þessum hópi búa við margskonar erfiðleika eins og fötlun og geðraskanir.

Ástæður þess að sum börn og ungt fólk skortir tækifæri eru eftirfarandi:

- Viðmælendum er tíðrætt um börn og unglinga sem skortir tækifæri, sérstaklega þau sem ekki eiga traust bakland vegna þess að forsjáraðilar eiga erfitt með að mæta þörfum þeirra.
- Ungt fólk sem hvorki aflar sér menntunar né er í vinnu á það á hættu að verða berskjaldað í framtíðinni. Ungt fólk sem hefur ekki efni á því að fara í nám eða fær ekki hvatningu til að fara í skóla mun eiga erfitt með að skapa sér öryggi í framtíðinni. Hópur ungs fólks sem nú er að koma út úr skóla á í erfiðleikum með að fá vinnu. Ef þessir einstaklingar venjast því að vera án vinnu er hætta á að þau verði ekki virkir samfélagsþegnar, jafnvel þó að atvinnuástandið batni.

Í könnuninni var spurt um leiðir til úrbóta og fram kom:

Brýnt er að efla atvinnulífið um allt land, draga úr atvinnuleysi og leita leiða til að auðvelda fólki án atvinnu að komast aftur út á vinnumarkaðinn. Þjóða þarf upp á fjölbreytt vinnuúrræði með einstaklingsmiðuðum stuðningi og hvatningu fyrir þá sem eru með skerta starfshæfni, s.s. öryrkja, fólk sem hefur dottið út af vinnu-markaði í lengri tíma og ungt fólk með takmarkaða reynslu af vinnumarkaðnum.

Nauðsynlegt er að vinna að því með margvíslegum hætti að draga úr íþyngjandi áhrifum atvinnuleysis. Þjóða þarf upp á margskonar nám og skapa aðstæður þar sem fólk getur átt félagslegt samneyti við annað fólk og tekist á við verkefni við hæfi. Forgangsatriði er að auka framboð á námi, sérstaklega fyrir fólk sem er með litla formlega menntun.

Efla þarf þjónustu opinberra stofnana með því að bæta upplýsingaflæði þeirra á milli og samhæfa aðgerðir. Skilvirk og samhæfð starfsemi stofnana getur auðveldað fólki aðgang að þjónustu, upplýsingum og ráðgjöf og þannig aukið líkurnar á að fólk fái aðstoð og úrræði við hæfi.

Mikilvægt er að halda vel utan um börnin, sérstaklega í fjölskyldum sem hafa lítið milli handanna. Viðmælendur taka sérstaklega fram að samfélagsleg ábyrgð á börnum verði að aukast og þar þurfi að koma til hugarfarsbreyting. Margir viðmælendur benda á forvarnagildi þess að styðja vel, bæði fjárhags- og félagslega, við börn sem alast upp hjá forsjáraðilum sem eru bótaþegar. Þannig megi rjúfa þann vítahring að upp vaxi kynslóð eftir kynslóð innan sömu fjölskyldunnar sem aldrei hefur stundað atvinnu. Mikilvægast er að tryggja öllum börnum aðgang að tómstunda- og íþróttastarfi til að þau verði ekki útundan í félagslífi.

Allnokkrir viðmælendur telja fordóma gagnvart innflytjendum og fólki með geðraskanir vera vandamál. Þar sem fordómar eru til staðar geti þeir hindrað fólk í að taka virkan þátt í samfélaginu og því sé nauðsynlegt að vinna markvisst gegn þeim.

Í könnuninni var spurt um önnur áleitin mál og fram kom:

Þeir hópar sem eiga það helst á hættu að verða undir í framtíðinni eru börn og unglingar í fjölskyldum sem standa höllum fæti af einhverjum ástæðum, ungt fólk með eða án atvinnu sem hefur litla menntun umfram grunnskólapróf og einstaklingar sem hafa verið án atvinnu í langan tíma.

Flestir viðmælendur voru þeirrar skoðunar að þrátt fyrir fleiri félagsleg úrræði á höfuðborgarsvæðinu væri í flestum tilvikum betur hlúð að einstaklingum og hópum úti á landi, þar væri meiri samkennd og allir þekktu alla.

Að mati viðmælenda er oftast ekki hægt að gera greinarmun á því hverjir hafa það verst, annars vegar félagslega og hins vegar fjárhagslega. Mat þeirra var að þetta færi yfirleitt saman.

Viðmælendur sögðu fátækt staðreynd á Íslandi. Fólk sem þarf að framfleyta sér á bótum til lengri tíma býr við hvað lökust kjör. Þar er einkum átt við einstaklinga sem lifa á óskertum örorku- og lífeyrisbótum frá Tryggingastofnun og þá sem fá bætur frá sveitarfélögum og hafa engan annan framfærslugrunn. Ungt fólk með enga formlega menntun eftir grunnskóla með börn á framfæri lifir oft við eða undir fátæktarmörkum.

Andlegt ofbeldi eða vanræksla á börnum er algengasta birtingarmynd ofbeldis hér á landi að mati viðmælenda. Tilkynningum um vanrækslu barna hefur fjölgað og margir viðmælendur segjast hafa orðið varir við börn sem eru vanrækt, illa hirt og vansæl.

Netkönnun

Niðurstöður úr netkönnun á vegum Markaðs- og miðlarannsóknna, þar sem tvær opnar spurningar voru lagðar fyrir almenning, staðfesta niðurstöður könnunarinnar sem hér er fjallað um. Í nánasta umhverfi þátttakanda standa atvinnuleitendur og öryrkjar hvað verst fjárhagslega og/eða félagslega og að auki töldu margir að aldraðir stæðu illa félagslega.

Rauði kross Íslands er aðili að Alþjóðasambandi landsfélaga Rauða krossins og Rauða hálfmánans. Rauða kross hreyfingin sem heild hefur sett sér stefnu og sameiginleg markmið sem hún starfar eftir. Eitt af meginmarkmiðum Rauða kross hreyfingarinnar fyrir árin 1990–2000 og síðan árin 2000–2010 er að vinna með og fyrir þá sem berskjaldaðir eru. Á Evrópuráðstefnu Rauða krossins sem haldin var í Kaupmannahöfn árið 1997 var þetta markmið áréttað í lokaályktun þar sem öll landsfélög, þar á meðal Rauði kross Íslands, skuldbundu sig til þess að efla starf í þágu þeirra sem allra verst eru settir og gera það markvissara (Rauði kross Íslands, 2000).

Í framhaldi af því var samþykkt á aðalfundi Rauða kross Íslands árið 1997, og í stefnu ári síðar, að félagið hefði að leiðarljósi að starfa í þágu þeirra sem minnst mega sín og myndi þess vegna standa að skipulegum athugunum á aðstæðum þeirra sem standa höllum fæti í þjóðfélaginu (Rauði kross Íslands, 1998). Athuganir á stöðu þeirra sem minnst mega sín í íslensku þjóðfélagi gera Rauða krossinn færari til að meta hvar þörfin er mest og félagið getur því vandað betur val og forgangsröðun verkefna.

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir niðurstöðum könnunar sem framkvæmd var vorið 2010. Aðalmarkmið hennar er að kanna hvaða hópar eru berskjaldaðastir í íslensku samfélagi í dag. Rauði kross Íslands hefur staðið fyrir gerð slíkra landskannana frá árinu 1994 þegar fyrsta skýrsla þessarar tegundar kom út. Önnur skýrsla kom út árið 2000 og þriðja árið 2006. Þessi skýrsla er því sú fjórða í röðinni.

Í þessari skýrslu verður fjallað um hvaða hópar á Íslandi eru berskjaldaðir, hvers vegna og hvernig má breyta aðstæðum þeirra til hins betra. Könnunin byggist á viðtölum við 69 einstaklinga alls staðar af landinu sem vinna á ólíkum starfssviðum og í nánnum tengslum við bágstadda hópa. Niðurstöðurnar gefa til kynna álit fólks á því hverjir standa verst. Að auki var gerð netkönnun, sem Markaðs- og miðlarannsóknir annaðist, og var notað tilviljunarúrtak úr þjóðskrá.

Þeir sem eru berskjaldaðir eru hér skilgreindir sem:

- ***Einstaklingar sem geta ekki verið fullgildir þátttakendur í samfélaginu og notið þeirra lífsskilyrða og þæginda sem teljast eðlileg á hverjum tíma, hverjar sem ástæður þess kunna að vera.***

Rauði kross Íslands sinnir margvíslegum verkefnum hér á landi. Hlutverk félagsins er fyrst og fremst að bæta aðstæður þeirra sem höllum fæti standa. Til þess að geta uppfyllt skuldbindingar sínar gagnvart þeim sem hallar á gerir félagið kannanir með reglulegu millibili. Rauði krossinn leggur áherslu á rannsóknir og greiningu til þess að:

- *Skilgreina hvar þörfin fyrir aðstoð er mest hverju sinni*
- *Geta brugðist við breyttum aðstæðum*
- *Forgangsraða verkefnum svo þau nýtist sem best*
- *Ákveða hvernig haga skuli málsvarastarfi*
- *Vekja athygli almennings og stjórnvalda á aðstæðum bágstaddra á Íslandi*

Fyrri kannanir hafa komið að góðum notum í starfsemi félagsins. Niðurstöður könnunar árið 1994 leiddu í ljós að það voru einkum þrír hópar sem viðmælendur voru almennt sammála um að stæðu höllum fæti í íslensku samfélagi. Í könnuninni kom fram að ungar, atvinnulausar og lítið menntaðar einstæðar mæður, ákveðinn hópur barna og unglinga og geðfatlaðir væru þeir hópar. Út frá niðurstöðum var hleypt af stokkunum samstarfsverkefni með Félagi einstæðra foreldra og var settur á laggirnar menntasjóður til að gera einstæðum mæðrum auðveldara að sækja sér menntun og bæta stöðu sína. Að auki var menntasmiðja á Akureyri styrkt til þess að veita ungum mæðrum frekari möguleika á námi. Í niðurstöðum könnunarinnar frá árinu 2000 kom fram að lágtekjufólk og styrkþegar, geðfatlaðir, einstæðingar og ákveðinn hópur barna og unglinga væru þeir hópar sem verst stæðu. Út frá niðurstöðunum var ákveðið að heimsóknavinaverkefnið yrði eitt af áhersluverkefnum Rauða krossins til þess að vinna gegn félagslegri einangrun. Í könnuninni árið 2006 kom fram að öryrkjar, einstæðar mæður, innflytjendur, aldraðir, karlar sem eru einstæðingar, geðfatlaðir og börn sem búa við erfiðar aðstæður væru þeir hópar sem verst stæðu. Út frá niðurstöðum lagði Rauði krossinn aukna áherslu á verkefni sem vinna gegn félagslegri einangrun og verkefni með og í þágu innflytjenda. Á aðalfundi Rauða kross Íslands árið 2007 var samþykkt ný stefna Rauða kross Íslands til ársins 2010. „Nýjar áherslur í stefnu félagsins taka mið af breyttum aðstæðum í íslensku samfélagi og beinast í auknum mæli að málefnum þeirra hópa sem eru félagslega einangraðir“ (Rauði kross Íslands, 2007).

Í febrúar 2010 var sett saman sjö manna verkefnateymi sem studdi við verkefnastýru á vinnslutíma þessarar skýrslu. Hlutverk teymisins var að leiðbeina og miðla fagþekkingu við gerð könnunarinnar. Teymið var þannig skipað: Bryndís Björk Ásgeirsdóttir, lektor við kennslufræði- og lýðheilsudeild Háskólans í Reykjavík, Gísli Pálsson, prófessor í mannfræði hjá Háskóla Íslands og varamaður í stjórn Rauða kross Íslands, Helga G. Halldórsdóttir, sviðsstjóri innanlandssviðs Rauða kross Íslands, Kristján Sturluson, framkvæmdastjóri Rauða kross Íslands, Sigríður Jónsdóttir, sérfræðingur hjá félags- og tryggingamálaráðuneytinu, og Sigurveig H. Sigurðardóttir, lektor í félagsráðgjöf hjá Háskóla Íslands. Paola Cardenas, sálfræðingur og verkefnisstjóri hjá Rauða krossi Íslands, stýrði verkefninu. Auk hennar vann Lovísa Arnardóttir, MA í mannréttindafræði, að könnuninni í tengslum við verkefnið Ungt fólk til athafna.

Samkvæmt Þróunaráætlun Sameinuðu þjóðanna er Ísland í þriðja sæti listans yfir þau lönd þar sem lífsskilyrði eru best í heiminum en listann er að finna í nýrri skýrslu Þróunaráætlunar Sameinuðu þjóðanna (United Nations Development Programme (ÞS), 2009). Skýrsla ÞS er byggð á upplýsingum sem safnað var árið 2007 svo útkoman gæti hafa orðið önnur ef byggt væri á nýjum upplýsingum.

Fátækt

Fátækt er skilgreind af Sameinuðu þjóðunum sem „það ástand manneskju að búa við langvinnan eða stöðugan skort úrræða, öryggis og krafts sem er nauðsynlegur til að njóta á fullnægjandi hátt borgaralegra, menningarlegra, fjárhagslegra, stjórnmálaeigra og félagslegra réttinda“ (Valgerður Katrín Jónsdóttir, 2007). Þegar fátækt er rædd er gott að styðjast við þessa skilgreiningu almennt en hafa til hliðsjónar afstæða skilgreiningu fátæktar sem byggist á því að mæla tekjudreifingu í viðkomandi samfélagi. Miðað er við að þeir séu undir fátæktarmörkum sem hafa lægri tekjur en helming tekna þeirra sem hafa miðlungstekjur (Valgerður Katrín Jónsdóttir, 2007).

Börn og fátækt á Íslandi

Börn á Íslandi finna eins og aðrir fyrir breytingum í samfélaginu, en fátæktin kemur öðruvísi við þau en fullorðið fólk. Það hvort börn búa við fátækt er yfirleitt mælt út frá ráðstöfunartekjum heimilanna. Ráðstöfunartekjur eru fundnar með því að miða við 50% af miðgildi tekna, svo eru dregnir frá skattar og bætt við bótum og styrkjum sem fólk fær (forsætisráðuneytið, 2006). Miðgildi reglulegra launa á Íslandi árið 2009 var 282 þúsund krónur, helmingur þess er 141 þúsund sem væru þá ráðstöfunartekjur einstaklinga (Hagstofa Íslands, 2010). Þegar fátækt barnafjölskyldna er skoðuð er mikilvægt að taka tillit til þess hversu lengi ástandið hefur varað. Langvarandi fátækt getur haft áhrif á börn langt fram á fullorðinsár og því skiptir mestu máli að fátæktin vari sem styst. Fátækt getur haft áhrif á félagslega þátttöku barna, t.d. í tómstundastarfi, og það getur leitt til einangrunar og að þau verði útundan í samfélaginu (Rannveig Sigríður Ragnarsdóttir, 2009).

Árið 2006 töldust 6,6% íslenskra barna búa við fátækt og má sjá á tölum að t.d. þau börn sem bjuggu við kröpp kjör árið 2000 gerðu það ekki árið 2004. Á alþjóðavísu hefur Ísland staðið sig vel varðandi börn sem búa við fátækt. Þau eru fá hér á landi miðað við höfðatölu (forsætisráðuneytið, 2006).

Eins og segir hér að framan þá hefur langvarandi fátækt barnafjölskyldna á Íslandi ekki verið útbreitt vandamál, en nú gæti það auðveldlega breyst með breyttum samfélagsaðstæðum. Ef miðað er við ráðstöfunartekjur foreldra, þá er ekki hægt annað en að gera ráð fyrir því að fjöldi fátækra barnafjölskyldna aukist með heildarfjölda fátækra á Íslandi. Taka þarf tillit til þess að mjög oft setja foreldrar börnin í forgang og neita sér um allskyns hluti, þannig er börnum ef til vill hlíft við afleiðingum fátæktar þótt fjölskyldan teljist vera fátæk (Rannveig Sigríður Ragnarsdóttir og Thelma Þorbergsdóttir, 2009).

Fjárhagslegir erfiðleikar heimilanna

Verðbólga á Íslandi jókst í kjölfar bankahrunsins sem gerði það að verkum að afborganir af lánum hækkuðu. Undir lok árs 2008 jókst atvinnuleysi verulega og ýmsir sem héldu vinnu lækkuðu í launum. Af þessum ástæðum eru margir í afar erfiðri stöðu og eiga í greiðsluerfiðleikum.

Mikil óvissa ríkir um stöðu og þróun á vinnumarkaði. Mörg fyrirtæki hafa nú þegar minnkað umsvif eða jafnvel hætt starfsemi. Að auki hefur dregið úr yfirvinnu og mörg fyrirtæki hafa sagt upp hluta starfsmanna sinna eða brugðist við tímabundnum samdrætti með því að bjóða starfsmönnum skert starfshlutfall.

Í desember 2009 mældist meðalatvinnuleysi yfir landið 8,2% eða að meðaltali 13.776 manns en á sama tíma árið 2008 var samsvarandi tala 4,8% eða 7.902 manns. Skráð atvinnuleysi í mars 2010 var 9,3% eða að meðaltali 15.059 manns (Vinnumálastofnun, 2010). Í dag er atvinnuleysi mest á Suðurnesjum, 13,6%, og minnst á Vestfjörðum, 3,1%. Í lok mars 2010 var atvinnuleysi meðal erlendra ríkisborgara 11,2% (Vinnumálastofnun, 2010).

Afleiðingar atvinnuleysis

Fræðimenn, bæði á Íslandi og víðsvegar um heiminn, hafa rannsakað afleiðingar og áhrif atvinnuleysis. Þeir hafa komist að þeirri niðurstöðu að atvinnuleysi hafi áhrif á bæði líkamlega og andlega heilsu fólks. Andleg áhrif koma iðulega fyrir fram en þau líkamlegu, jafnvel eftir einungis þrjá mánuði, og þessum einkennum er t.d. líkt við áfallastreituröskun (Labour ministers up the fight to prevent a lost generation, 2010).

Rannsóknir benda almennt til þess að atvinnulausir finni fyrir meiri kvíða, álagi og óhamingju en þeir sem eru í vinnu. Þeir eru líklegri til að upplifa þunglyndi, minnkað sjálfstraust og sjálfsvirðingu. Atvinnulausir eru líklegri til að einangrast og sumir einfaldlega missa lífsviljann eftir langtímaatvinnuleysi. Athyglisvert er að atvinnumissi er stundum líkt við það að missa ástvin, nema að sorgarferlinu lýkur þegar fólk fær vinnu á ný (Jón Sigurður Karlsson, 2008). Þar sem atvinnuleysi er mikið líður fólki almennt betur með

stöðu sína. Fólk finnur styrk í fjöldanum og sameiningu í þjáningum sínum (Jón Sigurður Karlsson, 2008).

Ungt atvinnulaust fólk

Á aldrinum 16-24 eru 3.147 einstaklingar skráðir á atvinnuleysissskrá og það eru u.þ.b. 19% allra sem eru á atvinnuleysissskrá (Vinnumálastofnun, 15. apríl 2010).

Ungt atvinnulaust fólk á sérstaklega erfitt í dag að mati margra viðmælenda. Margir óttast að heil kynslóð ungs fólks festist í langtímaatvinnuleysi og týnist í fátækt. Í Finnlandi hafa verið gerðar rannsóknir á ótímabærri útgöngu fólks af vinnumarkaði yfir á örorkubætur, sérstaklega meðal þeirra sem eru atvinnulausir til langs tíma. Niðurstöðurnar benda til þess að andlegir kvillar séu algengasta ástæða þessa en þunglyndi er einmitt einn stærsti og alvarlegasti fylgifiskur atvinnuleysis (Koskenvuo, M., Lamberg, T., Luukkaala, T., Virtanen, P., Vahtera, J., 2010). Þær aðstæður sem hafa skapast í Finnlandi eru sérstaklega áhugaverðar fyrir okkur Íslendinga þar sem Finnar voru í svipuðum efnahagslegum þrengingum í byrjun 10. áratugarins og Íslendingar eru að ganga í gegnum núna.

Framkvæmd rannsóknarinnar

Vinna við rannsóknina hófst í febrúar 2010 og lauk í byrjun maí 2010, öflun gagna á vettvangi fór fram í mars og apríl 2010. Þátttakendur voru sérfræðingar, þ.e.a.s. þeir sem starfs síns vegna búa yfir upplýsingum um þá sem standa höllum fæti í íslensku samfélagi. Að auki var gerð netkönnun meðal almennings sem MMR (Markaðs- og miðlarannsóknir) framkvæmdi.

Rannsóknaraðferðir

Rannsóknaraðferðin sem notuð var í þessari könnun er kölluð eigindleg rannsóknaraðferð (qualitative research method). Í eigindlegum rannsóknum eru samfélagsþættir skoðaðir í samhengi og reynt að skýra merkingu félagslegra atburða og skilja sjónarhorn þeirra sem upplifa þá. Í þessari rannsókn er valin sú leið að ræða við ýmsa aðila sem starfa með berskjölduðum einstaklingum og fjölskyldum til að fá góða mynd af stöðu mála. Markmiðið er ekki að fá fram tölfræðilegt yfirlit yfir það svið sem rannsókn er heldur að öðlast dýpri þekkingu á stöðu þeirra sem minnst mega sín í samfélaginu.

Netkönnun á vegum Markaðs- og miðlarannsóknna

Svörin sem fengust við þeim opnu spurningum sem lagðar voru fyrir almenning í netkönnuninni voru flokkuð í fyrirfram ákveðna flokka en nokkrar flokkar voru sameinaðir og/eða aðlagðir eftir þörfum.

Hlutverk teymis

Eins og greint er frá í innganginum naut verkefnastýra stuðnings teymis sem aðstoðaði við að útbúa lista yfir viðmælendur og spurningalista sem stuðst var við í viðtölum. Teymið gaf einnig ráð og ábendingar í vinnuferlinu. Spurningalistinn byggist að miklu leyti á þeim spurningalistum sem notaðir voru árin 2000 og 2006, þó með nokkrum breytingum og viðbótum.

Þátttakendur

Spurningalisti og viðtöl

Eins og í fyrri könnunum var lögð áhersla á að þátttakendur endurspegluðu sjónarmið landsbyggðarinnar jafnt og höfuðborgarsvæðisins. Leitast var við að hafa hóp álitsgjafa breiðan til að könnunin endurspeglaði sem best stöðu þeirra sem hallar á í íslensku samfélagi. Alls tóku 69 manns þátt í könnuninni, 40 manns svöruðu spurningalista sem hægt var að nálgast á heimasíðu Rauða kross Íslands og tekin voru viðtöl við 36 manns. Sjö manns svöruðu spurningalistanum bæði á rafrænu formi og í viðtölum.

Reynt var að afla upplýsinga, eins mikið og mögulegt var, frá sömu álitsgjöfum og í fyrri könnunum til þess að sjá þróunina sem orðið hefur. Það reyndist ekki auðvelt en þó tókst að halda nokkrum fyrri viðmælendum á þátttakendalistanum.

Dreifing viðmælenda á landsvísu er með eftirfarandi hætti:

- 39 af höfuðborgarsvæðinu
- 4 frá Suðurlandi og Suðurnesjum
- 3 frá Austurlandi
- 11 frá Norðurlandi
- 3 frá Vesturlandi
- 9 frá Vestfjörðum

Hluti þátttakenda af höfuðborgarsvæðinu sinnti skjólstæðingum af landinu öllu og gat gefið upplýsingar út frá því.

Viðmælendur voru meðal annars félagsmálastjórar, félagsráðgjafar, sálfræðingar, læknar, hjúkrunarfræðingar, prestar, skólastjórar, námsráðgjafar, kennarar, starfsmenn í félagsþjónustu sveitarfélaga og hjálparsamtaka, sérfræðingar í málefnum innflytjenda, öryrkja og velferðar barna, Rauða kross fólks og fræðimenn. Þátttakendum var heitið fullum trúnaði og er þess því gætt eftir fremsta megni í skýrslunni að ekki verði unnt að rekja upplýsingar til þeirra.

Netkönnun

Þátttakendur í netkönnuninni voru 865 Íslendingar á aldrinum 18-67 ára valdir handahófskennt úr hópi álitsgjafa MMR (lágmark 1.250 einstaklingar í úrtaki). Hópur álitsgjafa MMR telur liðlega 12.000 einstaklinga sem valdir hafa verið með tilviljunarúrtaki úr þjóðskrá og fengnir til þátttöku í netkönnunum með símakönnun. Viðurkenndum aðferðum var beitt svo svörun endurspegli lýðfræðilega samsetningu þjóðskrár (MMR, 2010).

Gagnasöfn og úrvinnsla gagna

Spurningalisti og viðtöl

Gagnaöflun fór þannig fram að haft var samband við viðmælendur í gegnum tölvupóst og með bréfi þar sem rannsóknin var kynnt (sjá kynningarbréf í viðauka I). Gagna var aflað með spurningalista sem viðmælendur voru beðnir að nálgast og svara á heimasíðu Rauða kross Íslands (sjá spurningalistann í viðauka II). Að auki voru 36 viðtöl tekin. Sjö viðtöl voru tekin við viðmælendur sem voru þegar búnir að svara spurningalistanum til þess að fá betri skýringar á svörum. Öll viðtölin fóru fram á vinnustað viðmælenda og var stuðst við staðlaðan spurningalista með opnum spurningum (sami spurningalisti og viðmælendur voru beðnir um að svara á rafrænu formi).

Öll viðtöl voru tekin upp á segulband og afrituð. Viðtölin tóku að meðaltali 31 mínútu. Rannsóknargögnin sem aflað var á þennan hátt voru samtals 143 blaðsíður. Öll gögnin voru lesin yfir nokkrum sinnum og dregin saman meginþemu.

Netkönnun

Spurningarnar sem lagðar voru fyrir almenning í netkönnuninni voru hluti af stórrí könnun (spurningavagn) hjá Markaðs- og miðlarannsóknnum ehf. Til þess að gera spurningarnar skýrari, m.a. til að það tæki minni tíma að svara þeim, var spurningunni um hverjir hafa það verst í íslensku samfélagi skipt í tvennt og spurt bæði um fjárhagslega stöðu og félagslega.

Spurningarnar voru eftirfarandi:

- Hvaða einstaklingar eða hópur fólks kemur fyrst í huga þegar þú ert spurð(ur) hverjir hafi það verst **fjárhagslega**, ef þú lítur á þitt nánasta umhverfi?
- Hvaða einstaklingar eða hópur fólks kemur fyrst upp í huga þér þegar þú ert spurð(ur) hverjir hafi það verst **félagslega**, ef þú lítur á þitt nánasta umhverfi?

Hópar í samfélaginu sem standa höllustum fæti

Þeir hópar sem standa verst í íslensku samfélagi samkvæmt könnuninni eru þessir:

- Atvinnuleitendur með litla menntun umfram grunnskólapróf og þeir sem hafa ekki bótarétt. Einnig ungir atvinnuleitendur á aldrinum 18-25 ára.
- Barnafjölskyldur og einstæðir foreldrar með lágar tekjur, á atvinnuleysisbótum eða á framfærslu sveitarfélaganna.
- Innflytjendur sem tala litla eða enga íslensku og þeir sem eru félagslega einangraðir og skortir félagslegt net. Einnig konur af erlendum uppruna sem búa við andlegt og/eða líkamlegt ofbeldi.
- Öryrkjar sem eru með börn á framfæri og þeir sem búa við félagslega einangrun.
- Börn og unglingar sem skortir tækifæri, t.d. vegna fátæktar, bakgrunns og/eða stöðu forsjáraðila.

Atvinnuleitendur

Atvinnuleitendur eru sá hópur sem stendur hvað verst í samfélaginu í dag samkvæmt viðmælendum könnunarinnar. Atvinnuleysi hefur aukist um 7,4% síðastliðna 18 mánuði, frá október 2008, og var í mars 2010 9,3% eða að meðaltali 15.059 manns (Vinnumálastofnun, 2010). Atvinnuleitendur eiga oft ekki fyrir lágmarksútgjöldum og óvissan á vinnumarkaðnum gerir það að verkum að þeir vita ekki hversu lengi þeir þurfa að „redda sér“ og ekki heldur hversu lengi þeir geta það. Þessir þættir geta leitt til þess að andlegt og félagslegt ástand atvinnuleitenda versnar.

Atvinnuleitendur með litla formlega menntun umfram grunnskólapróf eru fjölmennasti hópurinn á atvinnuleysisrá og þeir standa verst að mati viðmælenda. Þeir eiga bæði erfiðara með að fá vinnu og voru auk þess áður með lágar tekjur.

Viðmælendur nefna einnig oft atvinnuleitendur með börn á framfæri sem þann hóp sem hvað verst stendur en margir þeirra eiga í erfiðleikum með að greiða skólamáltíðir eða styðja börn sín til náms og tómstunda. Fólk sem var áður með sæmilega góðar tekjur og hefur nú eingöngu atvinnuleysisbætur á í miklum erfiðleikum með að ná endum saman og standa við skuldbindingar sínar. Starfsmaður á sviði vinnumála orðaði þetta svona: „Fólk sem var með miklar skuldbindingar og var með ágætis tekjur og er kannski búið að vera án atvinnu síðan haustið 2008. Það er orðið mjög erfitt hjá þeim núna. Börn þessa fólks eiga erfitt að halda sér innan skólakerfisins, sérstaklega á framhaldsskólaaldri. Námsmenn geta ekki framfleytt sér á framhaldsskólastigi þegar svona er ástatt hjá fjölskyldum. Það eru ekki námslán eins og á háskólastiginu.“

Fólk á aldrinum 18-25 ára sem hefur einungis grunnskólamenntun og er hvorki í skóla né vinnu stendur höllum fæti og er hópur sem viðmælendur hafa áhyggjur af í dag og til framtíðar. Samkvæmt könnun sem gerð var á félagslegri stöðu 16-20 ára ungmenna utan framhaldsskóla er líðan og sjálfsmynd þeirra sem eru án atvinnu mun verri en þeirra sem annað hvort stunda nám eða vinnu. Vonleysi og depurð eru algeng á meðal þessara ungmenna og þau meta andlega heilsu sína almennt einungis sæmilega eða jafnvel lélega. Atvinnulaust ungt fólk er að auki mun líklegra til að neyta vímuefna og hafa farið í meðferð vegna áfengis- og/eða vímuefnaneyslu (Rannsóknir og greining, 2009). Nánar verður fjallað um þennan hóp í kaflanum um hópa sem þarf að huga að í framtíðinni.

Þeir sem hafa misst vinnuna en hafa ekki fullan bótarétt innan atvinnuleysistryggingakerfisins eiga sérstaklega erfitt með að ná endum saman að mati viðmælenda. Í þann hóp fellur meðal annars

Ung kona af erlendu bergi brotin:

„Ég hugsa til fjölskyldunnar minnar...

mamma t.d. hefur misst fullt starf og er núna í 50% vinnu og fær svo 50% frá Vinnumálastofnun, það er ekki nóg. Svo hafa launin lækkað og lánin hækkað. Þau eru að borga húsnæði og reikninga og ég er farin að hjálpa til við að borga af því.“

Atvinnulaus ung kona:

„Námsmenn fá ekki atvinnuleysisbætur á sumrin og það er ekki boðið upp á sumarkúrsa, þannig ef þeir fá ekki vinnu þá eru þau algerlega tekjulausir. Þeir sem eru að koma úr námi fá ekki fullar bætur því „nám er ekki vinna.“ Ég fór t.d. út í meistaranám og kem heim og fæ ekki vinnu, aðeins hluta af bótum... það er svona eins og það sé ekki verið að meta mitt framlag til samfélagsins.“

fólk sem var áður sjálfstætt starfandi, þeir sem voru heimavinnandi, þeir aðilar sem eru nýkomnir úr námi og fólk á aldrinum 18-23 ára sem ekki hefur öðlast bótaréttindi.

Að auki var talið að karlmenn sem eru bæði einstæðingar og atvinnuleitendur séu berskjaldaðir og eigi á hættu að einangrast félagslega.

Afleiðingar atvinnuleysis

Margir viðmælendur hafa orðið varir við að atvinnuleysi valdi brostinni sjálfsmynd, minna sjálfstrausti, aðgerðaleysi og einangrun hjá atvinnuleitendum. Sumir upplifa tilfinningalega vanlíðan eins og doða, vonleysi, kvíða, samviskubit og jafnvel þunglyndi. Starfsmaður á sviði vinnumála segir: „Fólk býr sér til munstur sem það lifir eftir í einangrun og depurð og oft skapast líkamlegir og andlegir kvillar í kjölfarið. Langtímaatvinnuleysi er mjög slæmt.“ Atvinnuleitendur virðast margir hverjir hafa áhyggjur af framtíðinni. Nokkrir viðmælendanna hafa orðið varir við meiri erfiðleika í samskiptum innan fjölskyldna og aukið ofbeldi á heimilum.

Viðmælendur sem starfa með börnum finna hvernig erfiðleikar foreldranna hafa áhrif á líf og líðan barnanna. Sum börn þurfa að hætta í tómstundum, önnur hafa minna á milli handanna. Dæmi eru um að börn finni til depurðar og hafi miklar áhyggjur af framtíðinni, sóknarprestur sagði: „Krakkarnir eru svolítið að segja frá atvinnuleysi foreldra, greini áhyggjur hjá þeim.“

Birtingarmynd fjárhagslegra erfiðleika sökum atvinnuleysis er af ýmsum toga. Fleira fólk leitar aðstoðar hjá hjálparsamtökum, kirkjunni og sveitarfélögum. Lögreglumaður sagði: „Einhverjir leiðast út í afbrot en auðgunarbrotum hefur fjölgað.“

Atvinnuleysið bitnar af ýmsum ástæðum harkalega á innflytjendum. Tungumálakennari orðar það svo; „Það virðist duga að vera með erlent nafn, möguleikinn á að komast til dæmis í starfsviðtal minnkar töluvert strax við umsóknina. Erlendum konum sem hafa búið lengi hér á landi, aðlagast vel og náð tökum á íslenskunni hefur gengið illa að fá vinnu. Ein kona sagði til dæmis við mig að allt í einu væri hún aftur orðin útlandingur.“ Til viðbótar verða innflytjendur oft fyrir fordómum og hefur það aukist í efnahagsþrengingunum. Áreitni af völdum Íslendinga er nú meiri en áður að mati viðmælenda þar sem innflytjendur eru sakaðir um að stela störfum frá Íslendingum. Einn viðmælenda nefnir að viðhorfin í samfélaginu séu að ef útlandingur er án vinnu eigi hann að fara af landi brott.

Atvinnuleysið hefur ekki eingöngu neikvæðar hliðar að mati nokkra viðmælenda, t.d. vegna þess að fleiri fullorðnir einstaklingar eru að fara aftur í nám. Að sögn félagsráðgjafa í öldrunarþjónustu er fólk að átta sig á því í kreppunni að það er nauðsynlegt að hafa menntun og aldraðir njóta meiri samvista við fjölskyldumeðlimi sem eru án atvinnu.

Barnafjölskyldur og einstæðir foreldrar með lágar tekjur

Barnafjölskyldur og einstæðir foreldrar með lágar tekjur eru næstoftast nefndir af viðmælendum sem sá hópur sem verst stendur. Með lágum tekjum er átt við að fólk lifi á lágmarkslaunum, bótum eða fái framfærslustuðning frá sveitarfélagi. Samkvæmt samningum Starfsgreinasambandsins og Samtaka atvinnulífsins eru lágmarkslaun rétt rúmar 150 þúsund krónur á mánuði og fullar atvinnuleysisbætur eru aðeins lægri (vefsíða Ríkisútvarpsins, 2010). Grunnframfærsla hefur hækkað, en hvorki bætur né lægstu laun hafa fylgt þeirri þróun. Þessi hópur á erfitt með að ná endum saman og leitar sér aðstoðar vegna útgjalda tengdum börnunum, t.d. vegna skólamáltíða og tómstunda.

Að mati viðmælenda eru einstæðar mæður hópur sem þarf að styðja við en mikilvægt er að vanmeta ekki aðstæður einstæðra feðra sem ekki eru með börnin sín og búa við bág kjör. Þeir eru oft í lélegu og/eða litlu húsnæði og eiga því erfitt með að hafa börnin hjá sér. Aðstæðurnar leiða til þess að þeim líður illa, eru einmana og félagslega einangraðir.

Annar hópur sem viðmælendur töldu vera berskjaldaðan er ungir foreldrar. Náms- og starfsráðgjafi orðaði þetta svo: „Það eru ungir foreldrar, einstæðar mæður sem eru að reyna að mennta sig sem standa mjög höllum fæti. Til dæmis er ekki hægt að fá styrki til að ljúka stúdentsprófi. Ungt fólk sem er búið að eignast börn en

Atvinnuleitandi:

„Mér finnst ég hafa það rosalega bág. Ég til dæmis vinn ekki lengur en ég vann frá 8 til 17 eða 18 og um helgar, ég hef gert það lengi... og allt út af einhverjum aðstæðum sem komu upp og ég skapaði ekki sjálfur, er orðinn atvinnulaus. Ég er bara vanmáttugur gagnvart því.“

Einstæð móðir:

„Ég á 11 mánaða stelpu og hún er á biðlista fyrir leikskóla þangað til hún er 2 ára og ég á ekki rétt á atvinnuleysisbótum nema að ég finni fyrir hana þösson. Þetta er afar afar erfið staða.“

vill klára að mennta sig, er farið að búa og er í basli með börnin.“

Innflytjendur

Þriðji mest nefndi hópurinn sem illa stendur er innflytjendur. Innflytjendur á Íslandi með erlent ríkisfang voru 7,24% af íbúum hér á landi í lok árs 2009 (Hagstofa Íslands, 2010). Hlutfall íbúa með erlent ríkisfang hefur aukist mjög hratt frá síðustu aldamótum og má meðal annars rekja það til þenslunnar sem varð og aukinnar eftirspurnar eftir vinnuafli (Hallfríður Þórarinsdóttir, 2009).

Berskjaldaðastir í hópi innflytjenda eru þeir sem tala litla eða enga íslensku og þeir sem eru félagslega einangraðir og skortir stuðningsnet. Margir telja að lök íslenskukunnáttu sé aðalástæðan fyrir því að innflytjendur eru í þessari erfiðu stöðu. Vegna tungumálaerfiðleika eiga þeir erfitt með að taka þátt í öllu því sem samfélagið hefur upp á að bjóða sem svo aftur gerir það að verkum að þeir einangrast félagslega og skortir tengslanet. Til að bæta gráu ofan á svart er túlkapjónustan dýr og tregða við að nota hana, sér í lagi þar sem stofnanir eru nú að spara.

Litla íslenskukunnátta má ekki einungis rekja til viljaleysis fólks til að læra. Ástæðan getur einnig verið sú að innflytjendur eru oft í láglauastörfum og þurfa að vinna mikið, auk þess sem íslenskukennsla á landsbyggðinni er einsleit og hentar ekki innflytjendum af öllum þjóðernum. Starfsmaður á sviði vinnu-mála úti á landi sagði þetta um íslenskukennslu: „Við höfum verið með tungumálanámskeið en það komast ekki allir á það, við erum með eitt námskeið [...] sem hentar ekki öllum. Námskeiðið getur verið ágætt fyrir fólk frá Norðurlöndunum, Þýskalandi og Póllandi en fólk frá Asíulöndum passar ekki beint inn í það. Árangur fólks fer því eftir því, því námskeiðið er ekki nógu fjölbreytt.“

Viðmælendur hafa áhyggjur af stöðu hóps kvenna af erlendum uppruna sem eru giftar/í sambúð með íslenskum karlmönnum en einangrast inni á heimilinu og tala litla íslensku. Þær þekkja ekki réttindi sín og verða í kjölfarið háðar mönnum sínum og eiga þ.a.l. á hættu að búa við andlegt og/eða líkamlegt ofbeldi. Hjúkrunarfræðingur sagði að „ungar erlendar konur/stúlkur sem tala ekki íslensku og eru háðar aðilum í fjölskyldu til að geta tjáð sig um sinn vanda [væru] mjög viðkvæmur hópur“. Í þessu samhengi eiga viðmælendur oftast við konur sem eru upprunnar utan EES-svæðisins.

Viðmælendur hafa áhyggjur af börnum innflytjenda. Þau búa oft við hindranir og þurfa að tileinka sér nýja menningu og læra nýtt tungumál. Börn sem koma úr framandi menningu og eru með annan litarhátt eru sérstaklega viðkvæm. Sá hópur barna innflytjenda sem kemst ekki í framhaldsskóla vegna slakrar tungumálakunnáttu og nær því ekki að mennta sig fer stækkandi. Börn sem hvorki tala móðurmál sitt vel né ná góðum tókum á íslenskunni eru einnig stækkandi hópur og áhyggjuefni viðmælanda.

Aðrir hópar innflytjenda sem oft eru nefndir af viðmælendum eru hælisleitendur, flóttafólk, aldraðir og fólk sem ekki hefur rétt innan kerfissins. Þar má taka sem dæmi fólk utan EES-svæðisins og þá sem eru án dvalarleyfis og eiga þar af leiðandi hvorki rétt á félagslegri aðstoð né bótum. „Þessir einstaklingar þora ekki að leita sér hjálpar eða aðstoðar af ótta við að fá ekki ríkisborgararétt seinna meir. Þeir eru líka algjörlega háðir vinnuveitendum sínum og auðvelt að svína á þeim“, sagði starfsmaður hjálparsamtaka.

Öryrkjar

Stór hluti viðmælanda telur að öryrkjar standi höllum fæti í samfélaginu, m.a. vegna þess að bætur frá Tryggingastofnun eru lágar og duga ekki til framfærslu. Lyf eru dýr og mörg þeirra eru lítið niðurgreidd af ríkinu. Öryrkjar eiga auk þess ekki möguleika á því að bæta kjör sín með hlutastarfi því um leið og tekjur þeirra aukast þá skerðast bæturnar. Öryrkjar með börn á framfæri eiga sérstaklega erfitt með að ná endum saman. Félagsleg einangrun er útbreidd og algeng meðal öryrkja. Margir í þessum hópi búa við margskonar erfiðleika á við fötlun og geðraskanir, hafa lágar tekjur og eru einangraðir.

Lágmarksörorkubætur eru rúmlega 160 þúsund krónur á mánuði án nokkurrar uppbótar (Tryggingastofnun ríkisins, 2008). Ef örorkuþegar eru með barn eða börn á framfæri fá þeir barnalífeyri sem er rúmlega 21 þúsund á mánuði með hverju barni. Þegar börnin eru orðin tvö eða fleiri fá örorkuþegar mæðra- og feðralaun sem eru rúmlega 6 þúsund fyrir tvö börn en 13 þúsund fyrir þrjú eða fleiri (Tryggingastofnun ríkisins, 2010).

Kona af erlendu bergi brotin:

„Mamma mín hefur búið hér í 9 ár og talar ekki tungumálið. Hún hefur reynt að læra en hún er orðið svo gömul... hana langar að læra en fær ekki tækifæri til þess. Hún vinnur mikið og á engan að til að tala íslensku við.“

Börn og unglingar sem skortir tækifæri

Viðmælendum verður einnig tíðrætt um börn og unglinga sem skortir tækifæri. Þar ber mest á börnum sem eiga sér ekki traust bakland, þ.e. forsjáraðila sem eru illa í stakk búnir til að mæta þörfum þeirra. Nánar verður fjallað um þennan hóp í kaflanum um hópa sem þarf að huga að í framtíðinni.

Aðrir hópar

Aðrir hópar sem standa höllum fæti eru karlmenn sem eru einstæðingar, lágtekjufólk, fólk með geðraskanir og eldri borgarar með lágan lífeyri.

Leiðir til úrbóta

Brýnt er að efla atvinnulífið um allt land að mati margra viðmælenda. Nauðsynlegt er að draga úr atvinnuleysi og leita leiða til að auðvelda fólki án atvinnu að komast aftur út á vinnumarkaðinn. Bjóða verður upp á fjölbreytt vinnuúrræði með einstaklingsmiðuðum stuðningi og hvatningu fyrir þá sem eru með skerta starfshæfni, svo sem öryrkja, fólk sem hefur dottið út af vinnumarkaði í lengri tíma og ungt fólk með takmarkaða reynslu af vinnumarkaðnum. Nokkrir viðmælendur nefndu mikilvægi þess að greiða götu þeirra sem vilja fara af stað með sjálfstæðan rekstur svo draga megí úr atvinnuleysinu.

Nauðsynlegt er að reyna með ýmsum hætti að draga úr vanlíðan og öðrum íþyngjandi áhrifum atvinnuleysis að mati margra viðmælenda. Nokkrir viðmælendur telja nauðsynlegt að fólk eigi kost á að tala við sálfræðing og vilja að sú þjónusta sé niðurgreidd. Bjóða þurfi upp á fjölbreyttar námsleiðir og skapa aðstæður þar sem fólk getur átt félagslegt samneyti við aðra. Fólk þarf að hafa tækifæri til að halda sér virku og takast á við verkefni við hæfi. „Það sem kostar mest er að einstaklingar séu óvirkir og haldist þannig,“ segir starfsmaður í félagsþjónustu hjá sveitarfélagi. Í þessu sambandi var sérstaklega nefnt að nauðsynlegt væri að bjóða innflytjendum sem ekki tala tungumálið upp á íslenskunám til að þeir geti tekið virkan þátt í samfélaginu.

Aukið framboð á námi, sérstaklega fyrir fólk með litla formlega menntun og innflytjendur, er forgangsatriði að mati viðmælenda. Nokkrir nefna að nauðsynlegt sé að fólk á bótum sjái hag sínum betur borgið með því að stunda nám, sækja vinnu eða með öðrum hætti að halda sér virku. Í þessu sambandi er mikilvægt að hækka lágmarkslaun, bjóða upp á margskonar virkniúrræði og búa til fjölbreyttar námsleiðir en þær leiðir sem nú eru í boði henta ekki öllum. „Fyrir þetta fólk [sem hefur dottið út úr skóla fyrir löngu] þýðir ekkert að fara í fullt nám, það þarf aðlögun fyrst. Með því að sitja heima eykst eymdin og sjálfsvorkunnin,“ segir viðmælandi sem er geðhjúkrunarfræðingur.

Þeir sem hafa verið lengi óvirkir þurfa margir mjög mikla hvatningu til að koma sér af stað aftur. Nokkrir viðmælendur vilja að tekin verði upp svokölluð „maður á mann aðferð“ þar sem fólk er leitað uppi og stutt skref fyrir skref. Prestur sagði: „Það þarf að hafa meiri afskipti af þeim, meiri samskipti við þá og fylgjast betur með líðan þeirra.“ Einnig var nefnd nauðsyn þess að grípa strax inn í þegar ungt fólk missir vinnuna með viðeigandi úrræðum og bíða ekki eftir að þau detti út úr samfélaginu. Þeir viðmælendur sem starfa með fíklum telja brýnt að fjölga meðferðarúrræðum fyrir fólk í neyslu og veita þeim sem hafa sótt meðferð langtímaeftirfylgd og -stuðning.

Margir viðmælendur eru á þeirri skoðun að efla þurfi þjónustu opinberra stofnana með því að bæta upplýsingaflæði þeirra á milli og samhæfa aðgerðir. „Eins og þetta er í dag þá standa þessar stofnanir svolítið einar og það vantar meira samstarf, meiri einingu þeirra á milli,“ segir starfsmaður í heimþjónustu hjá sveitarfélagi. Skilvirk og samhæfð starfsemi stofnana getur auðveldað fólki aðgang að þjónustu, upplýsingum og ráðgjöf og þannig aukið líkurnar á að fólk fái aðstoð og úrræði við hæfi. Félagsráðgjafi sagði: „Fólk á ekki að þurfa að fara á marga staði og margir klára aldrei málin sín vegna þess. Fólk sem er þunglynt vantar kraft til að drífa sig á staðinn, gefst upp gagnvart kerfinu. Kerfið þarf að vera til fyrir fólkið, ekki sjálft sig.“ Viðmælendur lögðu höfuðáherslu á bætta opinbera þjónustu en nokkrir lögðu áherslu á að hjálparsamtök samnýttu krafta sína og gerðu bæði meira fyrir þá sem þurfa á aðstoð að halda og sinntu málsvarastarfi.

Ungur atvinnuleitandi :

Auka þarf starfsnám hjá fyrirtækjum fyrir fólk sem er að koma úr námi. Maður er með menntunina, en það vantar reynsluna. Þarf ekki að vera á fullum launum.“

Atvinnuleitandi :

***„Það er erfitt að hugsa um það, að skoða atvinnu-
auglýsingarnar, maður verður þreyttur til lengdar
ef það gerist ekkert og á jafnvel erfitt með að
sækja um vegna þessarar þreytu.“***

Viðmælendum er ofarlega í huga nauðsyn þess að gera greiðslubyrði fólks viðráðanlega og nokkrir benda á að brýnt sé að bæta fjármálalæsi fólks til að draga úr líkum á að fólk lendi í fjárhagserfiðleikum. Hækkun lágmarkslauna og bóta er einnig forgangsatriði að mati viðmælenda og telja þeir framfærsluviðmið stjórnvalda óraunhæf. „Það virðist ekki vera hægt að lifa sómasamlegu lífi á Íslandi ef þú tilheyrir þessum hópum (láglaunafólk og fólk á bótum). Lágmarkslaun þarf að hækka, öryrkjamálin þarf að taka algjörlega í gegn,“ segir starfsmaður í félagsþjónustu hjá sveitarfélagi. Nokkrir benda á að lágmarksframfærsluviðmið séu ekki þau sömu hjá öllum stofnunum og misbrestur á því að allir njóti sömu réttinda. Svo allir geti notið nauðsynlegrar grunnþjónustu þurfi að greiða lífснаuðsynleg lyf meira niður og stilla þjónustugjöldum í hóf, t.d. í heilbrigðiskerfinu, einkum fyrir það fólk sem hefur úr litlu að spila.

Mikilvægt er að halda vel utan um börnin, sérstaklega börn þeirra sem hafa lítið milli handanna og börn innflytjenda. Viðmælendur taka sérstaklega fram að samfélagsleg ábyrgð á börnum verði að aukast og þar þurfi að koma til hugarfarsbreyting. Margir viðmælendur benda á forvarnagildi þess að styðja vel, bæði fjárhags- og félagslega, við börn sem alast upp hjá forsjáraðilum sem lifa á bótum. Það getur einnig skipt sköpum að uppalendum bjóðist námskeið í uppeldis- og foreldrafærni, „sérstaklega foreldrum sem ólust upp við ógeðfelldar uppeldisaðstæður og hafa í eðli sínu færri tækifæri til að sjá um sín börn, því þau vantar fyrirmyndir,“ sagði barnaverndarstarfsmaður. Mikilvægast er að tryggja öllum börnum aðgang að íþróttum og tómstundastarfi til að þau verði ekki útundan í félagslífi. Dæmi um leiðir í þeim efnum er að veita börnum beina styrki til tómstundaiðkunar.

Fordómar gagnvart innflytjendum og fólki með geðraskanir eru vandamál að mati viðmælenda. Fordómar geta hindrað fólk í að taka virkan þátt í samfélaginu og því nauðsynlegt að vinna markvisst gegn þeim. Viðmælendur telja að alger viðhorfsbreyting þurfi að verða í samfélaginu, sérstaklega gagnvart fólki með geðsjúkdóma. „Viðhorf til þeirra [fólks með geðraskanir] þarf að breytast hjá almenningi og hinu opinbera, þ.e. að andlegur sjúkdómur er sjúkdómur,“ segir náms- og starfsráðgjafi í grunnskóla.

Hópar sem þarf að hafa í huga í framtíðinni

- **Börn og unglingar í fjölskyldum sem standa höllum fæti** (t.d. þeir sem eiga foreldra úr fyrrnefndum hópum) og **ungt fólk með eða án atvinnu sem hefur litla menntun** umfram grunnskólapróf.
- **Langtímaatvinnuleitendur og atvinnuleitendur með litla menntun** umfram grunnskólapróf.

Börn undir 18 ára aldri

Börn og unglingar sem eiga forsjáraðila sem eru illa í stakk búnir til að mæta líkamlegum og andlegum þörfum þeirra er hópur sem viðmælendur töldu vera í hættu á að vera berskjaldaður í framtíðinni. Þessi börn skorti hvatningu og hafi oft veikt félagsnet. Einnig töldu

viðmælendur að börn sem hafa forsjáraðila sem eru bótaþegar (á atvinnuleysis-, félagslegum eða örorkubótum) væru einnig áhættuhópur. Bent var á að það gæti myndast stór hópur fólks sem finnst eðlilegt að vera á bótum því það þekkti ekki annað og að þriðja kynslóð gæti vaxið úr grasi sem hefði þetta viðmið. Mikið var talað um kynslóðaarf sem getur myndast á Íslandi líkt og í öðrum Evrópulöndum. Að mati viðmælenda er ástæða til þess að nýta reynslu annarra þjóða til að koma í veg fyrir að þetta gerist.

Félagsráðgjafi sagði: „Í þessu samhengi er oft talað um félagslegan arf, kynslóð eftir kynslóð með vanda, getur farið saman atvinnuleysi, fátækt, eiturlyfja- og áfengisneysla, geðsjúkdómar eða slappt heilsufar; líkamlegt og andlegt, tíðir búferlaflutningar. Það vantar á það sem við köllum óformlega hjálparnetið, vinir og þess konar er ekki til hjá þessum börnum og börnin eiga erfitt með að mynda tilfinningaleg tengsl við fullorðna sem gætu verið þeim fyrirmyndir.“

Margir viðmælendur höfðu einnig áhyggjur af því að börn með frávik fengju ekki nægilegan stuðning í skólakerfinu. Talið var líklegt að sparnaður innan skólakerfisins gæti bitnað hart á þessum börnum. Það gæti leitt til þess að þau dyttu fljótlega út úr skóla og ættu erfitt með að fóta sig í lífinu, sérstaklega ef þau hefðu ekki góðar fyrirmyndir.

Ungt fólk 18 til 25 ára

Ungt fólk sem hvorki er að afla sér menntunar né er í vinnu er hópur sem viðmælendur töldu vera í hættu með að verða berskjaldaður í framtíðinni. Viðmælendur töldu að ungt fólk sem hefur ekki efni á því að

Atvinnulaus móðir :

„Börn okkar eiga eftir að þjást. Börnin sem eru að fæðast núna inn í þetta samfélag.“

fara í nám eða ungt fólk sem fær ekki hvatningu til að fara í skóla myndi eiga erfitt með að skapa sér öryggi í framtíðinni. Einnig var talað um hóp ungs fólks sem er að koma út úr skóla og fær enga vinnu. Ef þau venjast því að vera ekki í vinnu er hætt á að þau verði ekki virkir samfélagsþegnar, jafnvel þó svo að atvinnuástandið batni. Þess vegna töldu viðmælendur dýrmætt að gefa ungu fólki tækifæri til að mennta sig og fá starfsreynslu. Hér var líka talað um ungt fólk af erlendum uppruna sem vegna vankunnáttu í íslensku skorti tækifæri til að mennta sig umfram grunnskólapróf og þar af leiðandi kynni það að festast í fátæktargildru.

Margir töldu atvinnulaust ungt fólk vera áhugalítið og kærulaust um stöðu sína og ekki gera sér grein fyrir alvarleika ástandsins. Prestur orðaði þetta svo: „Ég hef áhyggjur af því að ákveðinn hópur sætti sig við að vera atvinnulaus. Ungt fólk sem sættir sig við það að vera ekki í námi eða vinnu. Þau fara í ákveðið munstur sem verður til þess að fólk festist í fátæktargildrum og hefur ekki þor og tækifæri til að komast út úr þessu vegna ungs aldurs.“

Einnig var talað um unga einstaklinga í neyslu eða með geðröskun og veikt bakland. Þeir haldast illa í vinnu og/eða námi og meðferðarúrræði virðast ekki nægileg. Þessir einstaklingar fara á unga aldri á örorkubætur og eiga lítil réttindi innan kerfisins.

Langtímaatvinnuleitendur

Annar hópur sem viðmælendur töldu vera í hættu með að verða illa staddur í framtíðinni er langtímaatvinnuleitendur og atvinnuleitendur með litla menntun umfram grunnskólapróf. Viðmælendur töldu að langtímaatvinnuleysi hefði áhrif á líkamlega og andlega heilsu fólks. Að auki var talið að atvinnuleitendur með litla menntun myndu eiga erfiðara með að komast inn á vinnumarkaðinn þegar atvinnuástandið batnar. Um atvinnuleysi hefur þegar verið fjallað í skýrslunni.

Aðrir hópar

Aðrar hópar sem eiga á hættu að verða illa staddir í framtíðinni eru samkvæmt viðmælendum aldraðir, innflytjendur, fólk með litla menntun, öryrkjar og lágtekjufólk.

Munurinn á milli sveitarfélaga og landshluta

Munurinn á ástandi innan sveitarfélaga

Nokkrir telja að Breiðholtshverfi skeri sig úr vegna fjölda innflytjenda og fólks sem hefur lágar tekjur. „Innan stærstu sveitarfélaganna eru hverfi þar sem ódýrara er að kaupa eða leigja íbúðir og þar safnast oft saman fólk sem hefur ekki mikið á milli handanna. Það má nefna ákveðin hverfi í Breiðholtinu sem dæmi,“ sagði starfsmaður hjálparsamtaka.

Munurinn á ástandi á milli sveitarfélaga eða landshluta

Margir viðmælendur telja að fólk hafi það verst þar sem atvinnleysið er mest og að atvinnuleysistölur sýni slæmt ástand á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurnesjum.

Margir viðmælendur segja kreppuna í kjölfar bankahruns hafa komið minna við landsbyggðina því þar hafi uppgangurinn ekki verið jafn mikill í góðærinu og „fyrir sunnan“. Þar hafi ríkt kreppa löngu áður en þessi kreppa skall á. Hrunið úti á landi varð því minna en á höfuðborgarsvæðinu. „Kreppan kom fyrir löngu hingað, með kvótakerfinu. Fólk finnur fyrir breytingum samt sem áður, [...] það er verið að skera niður, lán hækka og allt hækkar,“ sagði námsráðgjafi úti á landi.

Flestir viðmælendur voru þeirrar skoðunar að þrátt fyrir að það væru fleiri félagsleg úrræði á höfuðborgarsvæðinu væri í flestum tilvikum betur hlúð að einstaklingum og hópum úti á landi, þar væri meiri

Ungur atvinnuleitandi:

„Þetta er vítahringur. Ég kem beint úr námi og hef ekki unnið í tvo ár. Kem úr námi erlendis frá beint í kreppu, maður verður þreyttur og maður fær kvíða yfir því eftir þennan tíma, að fá fulla vinnu.“

Ungur atvinnuleitandi:

„Ég eyði meiri tíma með vinum og að skrifa. Þetta er svolítið þægilegt en maður vonar að maður geti farið á fullt í einhver verkefni.“

Atvinnuleitandi út af landi:

„Ég er að norðan og maður tekur minna eftir þessu þar því samfélagið er minna og hóparnir þar af leiðandi minni. Þar er meiri vinnu að fá og fólk er farið að versla meira í eigin byggð. Það er auðveldara að halda minna samfélagi starfandi. Það er því mikill munur, sérstaklega í litlum bæjum.“

samkennd og allir þekktu alla. Eftirlaunamaður sagði: „Það er meiri samhjálp úti á landi, lífið ódýrara þar á margan hátt og samfélagið nánara. “Mikill munur er þó á milli sveitarfélaga upp á hvaða þjónustu er boðið fyrir aldraða, félagsráðgjafi úti á landi orðaði þetta svona: „Varðandi aldraða er líðan margra betri á landsbyggðinni, meiri nánd við umhverfið og víða betri læknis- og heimaþjónusta en á höfuðborgarsvæðinu.“ Í sambandi við geðfatlaða stendur fólk oft betur að vígi úti á landi, það hefur stuðning nærsamfélagsins en það vantar hins vegar oft úrræði úti á landi og þeir veikustu fara til höfuðborgarinnar. Fólk í neyslu flytur líka gjarnan á höfuðborgarsvæðið, starfsmaður hjálparsamtaka orðaði þetta svo: „Reykjavík er með langstærsta hóp fíkniefnaneytenda [...] Þegar þú ert kominn á þennan stað, svona mikið út af sporinu, þá er Reykjavík staðurinn til að vera á [...]“ Af sömu orsökum er heimilisleysi nær eingöngu bundið við höfuðborgarsvæðið, vill annar viðmælandi meina.

Varðandi innflytjendur þá er það skoðun viðmælanda úti á landi að þeir fái bestu þjónustuna á Suðvestur-landi og séu ekki eins einangraðir þar og í litlum sveitarfélögum.

Munur á bágrí félagslegri og fjárhagslegri stöðu

Meira en helmingur svarenda sagði að bág félagsleg og fjárhagsleg staða færi yfirleitt saman og ekki væri hægt að gera greinarmun á þessu tvennu, fólk einangraðist oft í fátækt. Viðmælendur tjáðu sig um að börn foreldra sem eru illa stæðir fjárhagslega kæmust síður í tómstundir og þess háttar sem leiddi svo til félagslegrar einangrunar barnanna. Viðmælendur töldu einnig að einstæðir karlmenn sem væru illa staddir fjárhagslega væru í mikilli hættu með að einangra sig. Félagsráðgjafi sagði: „Þegar fólk hefur það slæmt fjárhagslega byrjar það að einangra sig félagslega því að það hefur ekki möguleika á að gera neitt og stundum er þetta spurning um að eiga fyrir strætó.“

Sumir viðmælanda telja að þetta tvennt þurfi ekki að fylgjast að, fólk geti verið efnað en illa statt félagslega og öfugt. Nokkrir viðmælendur sögðu að í núverandi ástandi væri að myndast nýr hópur fólks sem hafi það slæmt fjárhagslega eftir hrunið en félagsleg staða þess væri góð. Félagsmálastjóri úti á landi sagði: „Það þarf ekki endilega að fara saman, sérstaklega úti á landi. Hér í sveitinni eru það ekki blankheit sem skilgreina félagslega fátækt.“

Ung atvinnulaus kona:

„Hér eru margir atvinnulausir sem bara lokast af, eru heima hjá sér og eiga erfitt með að rífa sig upp. Það er mjög niðurdrepandi að sitja og leita að vinnu, og ég skil vel að þegar ekkert gerist þá er hætta að fólk lokist af og gefist upp“

Fátækt á Íslandi

Að mati viðmælanda er fátækt staðreynd á Íslandi. Flestir viðmælendur skilgreina hugtakið fátækt sem skort á nauðsynjum eins og mat, húsnæði, fatnaði og lyfjum og að þurfa að reiða sig á aðstoð annarra til að geta sinnt grunnþörfum. „Ef þú hefur ekki efni á húskaskjól og mat hlýtur þú að teljast fátækur, sama hvort þú ert í Simbabve eða á Íslandi,“ sagði starfsmaður stéttarfélags.

Fólk sem þarf að framfleyta sér á bótum til lengri tíma býr við hvað lökust kjörin. Þar er einkum átt við einstaklinga sem lifa á óskertum örorku- og lífeyrisbótum frá Tryggingastofnun og þá sem fá bætur frá sveitarfélögum og hafa engan annan framfærslugrunn. Nokkrir nefna að yngra fólk með enga formlega menntun eftir grunnskóla með börn á framfæri lifi við eða undir fátæktarmörkum.

Viðmælendur höfðu einnig áhyggjur af því að fátæktin bitnaði meira á börnum en öðrum og nefndu í því sambandi að fleiri fjölskyldur en áður ættu erfiðara með að veita börnunum sínum eitthvað umfram brýnustu nauðsynjar.

Birtingarmynd fátæktar á Íslandi

Afleiðingar fjárhagslegrar fátæktar eru margþættar. Margir viðmælendur benda á að fátækir lifi við félagslega einangrun og að fólk sem lifir við fátækt taki oft lítinn þátt í menningar- og félagslífi. „Fólk dettur út úr samfélaginu,“ segir barnaverndarstarfsmaður.

Nokkrir viðmælendur nefna að svigrúm fólks með lágar ráðstöfunartekjur til að veita sér eitthvað annað en það allra nauðsynlegasta hafi minnkað. „Það má ekkert gerast hjá fólki í þessari stöðu, ísskápurinn má ekki bila, þá fer allt í rugl, því peningurinn sem er eftir er akkúrat nógur fyrir mat. Það er ekkert svigrúm til að mæta neinu óvæntu,“ sagði starfsmaður hjálparsamtaka. Í þessu sambandi er nefnt að fólk sem býr við þröngan efnahag hafi oft á tíðum ekki fjármuni til að leita læknis eða kaupa nauðsynleg lyf. Viðmælendur hafa margir orðið varir við aukna ásókn í aðstoð hjálparsamtaka og þá ekki bara í kringum stórhátíðir.

Ofbeldi og áhrif þess

Andlegt ofbeldi eða vanræksla gagnvart börnum er algengasta birtingarmynd ofbeldis hér á landi að mati viðmælenda. Fæstir viðmælenda hafa orðið áþreifanlega varir við að skjólstæðingar þeirra búi við líkamlegt ofbeldi. Skiptar skoðanir eru um hvort líkamlegt ofbeldi hafi aukist eða sé grófara. Konur virðast einkum fórnarlömb líkamlegs ofbeldis og í einhverjum tilfellum börn og aldraðir.

Nokkrir viðmælendur lýstu áhyggjum sínum af líkamlegu og andlegu ofbeldi gagnvart konum af erlendum uppruna. Gerendur eru oftast sambýlismenn þessara kvenna. Tungumálakennari sagði: „Þær eru kúgaðar, mega ekki tala við vinkonur og þær mega ekki gera neitt. Það er oft mjög erfitt og mér finnst stundum eins og þær séu eins og fangar hjá þessum mönnum.“ Starfsmaður hjálparsamtaka tjáði sig um að erlendar konur sem þolendur heimilisofbeldis leituðu síður til þeirra því þær treystu sér ekki til að framfleyta sér án eiginmanns og að áhyggjuefni væri að hlutfall þeirra kvenna sem leita sér ekki hjálpar heldur fara heim í óbreyttar aðstæður er langhæst hjá erlendum konum.

Tilkynningum um vanrækslu barna hefur fjölgað og margir viðmælendur segjast hafa orðið varir við vanrækt, illa hirt og vansæl börn. Vanræksla á börnum getur verið af ýmsum toga; sum börn fá litla alúð og umhyggju, eru mikið ein og fá ekki nauðsynlega hvatningu eða aðstoð við nám. Önnur eru illa til fara, mæta ekki með nesti í skólann og eru eins og einn kennari orðaði það „*látin standa á eigin fótum þegar þau þurfa á stuðningi að halda*“.

Að sögn starfsmanns í barnavernd berast um 200 tilkynningar á ári þar sem grunur er um kynferðislegt ofbeldi á börnum. Í um helmingi tilvika er það staðfest. Þetta er hlutfallslega mun meiri fjöldi tilkynninga en í öðrum löndum. Starfsmaðurinn telur ástæðuna þó ekki þá að brotin séu fleiri hér á landi heldur að Íslendingar séu meðvitaðri um þessi mál.


Nokkuð er um að aldrað fólk sé vanrækt og búi við einsemd og sumir eru jafnvel beittir líkamlegu ofbeldi af hálfu barna sinna eða maka. Ofbeldið getur verið í því fólgið að heilabílað fólk er bundið niður, lokað inni, það látið afskiptalaust eða ákvörðunarréttur þess um eigið líf virtur að vettugi.

NIÐURSTÖÐUR ÚR NETKÖNNUN

Þátttakendur í netkönnuninni voru spurðir hverjir hefðu það verst félagslega og fjárhagslega í nánasta umhverfi þeirra.

Þegar svörin við spurningunni um hverjir hafi það verst fjárhagslega eru skoðuð (mynd 1) má sjá að langflestir nefna að þeir hópar hafi það verst fjárhagslega. Það eru:

- Atvinnuleitendur – 21% svarenda nefna þann hóp
- Öryrkjar – 16% svarenda nefna þann hóp
- Fjárhagslega illa statt fólk – 10,7% svarenda nefna þann hóp



Svörin við þessari spurningu voru jafnframt greind eftir ýmsum bakgrunnsupplýsingum þátttakenda, s.s. kyni, aldri, búsetu, menntun, starfi og heimilistekjum (tafla 1).

		Atvinnulausir	Öryrkjar	Fjárhagslega illa statt fólk	Barnafólk/ Fjölskyldufólk	Lágtekjufólk	Aldraðir	Einstæðir foreldrar/feður	Einstæðar mæður	Námsmenn	Mitt nærumhverfi	Ungt fólk	Einstæðingar	Innflytjendur	Fólk í neyslu	Annað	Fjöldi svara
Allir	Allir	21,0%	16,0%	10,7%	7,4%	6,5%	6,2%	5,5%	4,6%	4,0%	2,6%	1,9%	1,9%	0,6%	0,4%	10,7%	623
Kyn	Karl	21,7%	12,3%	12,2%	6,1%	7,7%	5,9%	5,1%	4,4%	2,3%	2,9%	2,3%	2,0%	0,3%	0,8%	14,0%	300
	Kona	20,4%	19,4%	9,3%	8,6%	5,4%	6,6%	5,9%	4,9%	5,6%	2,3%	1,5%	1,8%	0,8%		7,6%	323
Aldur	18-29 ára	13,8%	11,8%	9,7%	8,7%	6,4%	2,4%	3,1%	6,0%	12,6%	4,9%	2,4%	1,8%		1,4%	15,2%	168
	30-49 ára	22,6%	13,8%	12,3%	8,4%	5,5%	7,9%	6,5%	4,4%	1,0%	2,2%	2,1%	1,6%			11,7%	268
	50-67 ára	25,3%	22,9%	9,3%	4,8%	8,0%	7,4%	6,4%	3,7%	0,6%	1,2%	1,1%	2,3%	1,9%		5,1%	186
Búseta	Höfuðborgarsvæðið	20,8%	18,1%	10,8%	7,6%	6,4%	5,4%	5,6%	5,1%	4,7%	2,5%	1,1%	1,4%	0,6%	0,3%	9,6%	398
	Landið	21,4%	12,2%	10,6%	7,0%	6,8%	7,8%	5,3%	3,8%	2,7%	2,7%	3,3%	2,8%	0,5%	0,5%	12,6%	224
Menntun	Grunnskóli (skylda)	17,3%	10,4%	7,2%	11,6%	12,8%	3,6%	4,0%	3,5%	5,6%	7,6%	2,1%	1,0%			13,3%	95
	Starfsnám	22,6%	26,2%	6,1%	9,8%	7,5%	5,7%	5,1%	1,3%	2,0%		2,2%				11,5%	48
	Bóklegt framhaldsnám	16,7%	15,6%	5,5%	9,0%	4,5%	10,2%	3,3%	9,6%	9,9%	2,5%	1,1%	2,3%		1,3%	8,5%	89
	Verklegt framhaldsnám	21,7%	14,0%	10,4%	4,3%	6,6%	7,2%	3,6%	4,2%	1,1%	5,0%	4,3%	1,1%			16,5%	101
	Sérskólar við hásk.stig	25,3%	7,1%	16,0%	9,0%	13,6%	4,8%	3,9%	4,3%	2,2%				1,4%	2,6%	9,8%	44
	Háskólanám	22,7%	18,6%	14,1%	5,7%	3,4%	5,8%	8,1%	4,2%	3,1%	0,7%	1,4%	3,1%	1,2%		8,0%	245
Starf	Sjómendur	22,0%	18,9%	23,7%	6,8%	4,4%	1,9%	6,9%	1,9%			1,9%		1,9%		9,7%	56
	Sérfræðingar	27,9%	18,1%	11,9%	4,1%	3,6%	5,6%	8,3%	5,2%	0,7%	0,5%	1,4%	3,1%	1,5%		8,1%	165
	Tæknar og skrifstofufólk	26,7%	14,5%	7,7%	11,4%	8,5%	8,0%	7,2%	2,0%		3,5%	1,7%			0,9%	7,9%	121
	Þjónustu- og afgr.fólk	21,0%	7,2%	15,6%	14,4%	10,2%	12,8%		1,5%		7,1%	2,3%				7,9%	42
	Bændur og sjómenn	12,5%	14,8%	7,7%		9,6%	4,6%	5,8%	6,9%				17,5%			20,5%	14
	Íðnaðarm. og sérh. i iðn.	16,8%	7,6%	9,1%	4,0%	9,4%	11,6%	1,8%	3,7%		5,4%	5,8%				24,9%	57
	Véla- og vélafólk	16,6%	28,8%	5,8%		9,4%	7,2%				5,0%	4,6%				22,5%	23
	Námsmenn	7,9%	10,4%	6,8%	9,0%	6,8%	1,0%	3,7%	11,3%	25,7%	1,0%		4,5%		1,2%	10,5%	92
	Ekki útívinandi	18,1%	31,0%	8,1%	8,2%	5,0%	7,2%	5,7%	5,4%		3,9%	2,1%				5,4%	51
Heimilist.	Undir 250 þúsund	13,2%	14,7%	5,3%	7,7%	8,9%	4,8%	4,1%	12,4%	12,0%	6,8%	1,0%	1,0%		1,2%	6,8%	93
	250-399 þúsund	16,8%	16,5%	9,0%	5,8%	7,3%	8,7%	5,1%	3,4%	3,7%	4,5%	2,5%	2,3%		0,8%	13,5%	135
	400-599 þúsund	21,5%	18,5%	10,9%	8,2%	6,6%	5,4%	6,1%	4,4%	1,3%	1,4%	2,1%	3,2%			10,4%	153
	600-799 þúsund	30,3%	16,4%	7,8%	7,3%	5,4%	5,1%	5,3%	2,3%		1,0%	1,1%	2,1%			15,8%	93
	800 þúsund eða hærri	24,4%	14,4%	16,7%	7,5%	3,2%	9,4%	7,8%	2,3%	3,7%		3,0%	0,8%	2,0%		4,8%	104

Tóku afstöðu	623	72,0%
Tóku ekki afstöðu**	242	28,0%
Samtals spurðir	865	


**Þeir sem tóku ekki afstöðu eru þeir sem svöruðu annað hvort 'veit ekki' eða 'vil ekki svara'

Stærst í flokknum annað

- Almenningur (6)
- Íðnaðarmenn (6)
- Millistéttar fólk (6)
- Bændur (5)
- Fólk á aldrinum 20-45 (5)
- Enginn(4)
- Skjólstæðingar félagsþjónustunar (2)

Þegar svörin við spurningunni um hverjir hafi það verst félagslega eru skoðuð (mynd 2) má sjá að langflestir nefna að þír hópar hafi það verst félagslega. Það eru:

- Öryrkjar – 23,1% svarenda nefna þann hóp
- Atvinnuleitendur – 22,1% svarenda nefna þann hóp
- Aldraðir – 11,9% svarenda nefna þann hóp



Svörin við þessari spurningu voru einnig greind eftir ýmsum bakgrunnsupplýsingum þátttakenda (tafla 2).

		Öryrkjar	Atvinnulausir	Aldraðir	Einstæðingar	Lágtekjufólk	Innflytjendur	Geðfatlaðir	Fjárhagslega illa stött fólk	Börn og unglingar	Barnafólk/ Fjölskyldufólk	Einstæðar mæður	Mitt nærumhverfi	Einstæðir foreldrar/feður	Fólk í neyslu	Annað	Fjöldi svara
Allir	Allir	23,1%	22,1%	11,9%	5,7%	4,9%	4,5%	4,3%	3,0%	2,7%	2,3%	1,8%	1,1%	1,7%	0,9%	10,0%	466
Kyn	Karl	20,3%	22,4%	12,3%	6,6%	6,1%	3,7%	4,3%	3,1%	3,1%	2,3%	1,0%	1,0%	2,0%	1,5%	10,3%	218
	Kona	25,6%	22,0%	11,6%	4,8%	3,8%	5,2%	4,3%	2,9%	2,4%	2,3%	2,4%	1,1%	1,4%	0,4%	9,7%	248
Aldur	18-29 ára	21,3%	18,1%	8,3%	1,9%	5,0%	5,0%	5,9%	1,9%	2,9%	1,9%	1,7%	1,9%	0,9%	1,9%	21,4%	110
	30-49 ára	21,1%	24,8%	12,3%	4,4%	3,6%	5,5%	6,0%	4,9%	3,0%	3,4%	1,5%	1,3%	2,0%	0,5%	5,5%	209
	50-67 ára	27,5%	21,3%	14,1%	10,3%	6,6%	2,6%	0,7%	1,2%	2,2%	1,1%	2,2%		1,7%	0,7%	7,8%	147
Búseta	Höfuðborgarsvæðið	24,9%	20,3%	10,8%	5,0%	5,3%	4,1%	4,7%	2,9%	2,4%	2,6%	2,0%	1,6%	2,1%	1,0%	10,4%	311
	Landið	19,7%	25,9%	14,3%	7,0%	4,0%	5,2%	3,5%	3,2%	3,4%	1,7%	1,3%		0,9%	0,7%	9,3%	155
Menntun	Grunnskóli (skylda)	22,1%	21,6%	8,8%	1,3%	12,5%		5,3%		5,6%	1,5%		6,7%	2,2%		12,4%	60
	Starfsnám	31,0%	16,2%	12,0%	6,3%	11,7%	14,8%		2,6%		2,2%					3,2%	40
	Bóklegt framhaldsnám	23,3%	18,5%	12,9%	5,2%	3,3%	4,9%	5,4%	1,5%	1,7%		5,0%		2,8%		15,4%	59
	Verklegt framhaldsnám	16,0%	28,4%	16,3%	4,9%	3,2%	1,7%	3,7%	5,9%	3,4%	3,2%	3,2%		1,6%		8,5%	66
	Sérskólar við hásk.stig	7,5%	27,2%	10,5%	6,6%	10,8%		5,4%	5,0%		10,3%				2,8%	14,0%	38
	Háskólanám	27,1%	21,6%	11,4%	7,1%	1,2%	5,4%	4,6%	3,1%	3,0%	1,5%	1,5%	0,4%	1,8%	1,6%	8,8%	203
Starf	Stjórnendur	30,8%	27,1%	4,6%	5,1%	4,8%	6,9%		2,3%	7,2%	2,3%			2,3%	2,3%	4,1%	46
	Sérfræðingar	21,9%	22,9%	12,9%	8,2%	2,3%	5,3%	6,4%	2,1%	3,0%	1,3%	1,4%	0,6%	1,1%	0,7%	9,8%	145
	Tæknar og skrifstofufólk	23,1%	29,1%	10,0%	5,6%	7,8%	3,4%	2,0%	3,1%	2,2%	4,0%	2,2%		1,1%	1,2%	5,3%	95
	Þjónustu- og afgr.fólk	11,5%	34,5%	14,3%	3,3%	6,4%	3,5%		4,6%		5,6%		2,9%	3,2%		10,1%	33
	Bændur og sjómenn	9,4%	17,3%	30,3%	11,7%				11,5%							19,8%	9
	Íðnaðarm. og sérh. í iðn.	10,5%	28,3%	13,8%		7,8%	4,3%	7,8%	7,0%	3,5%	3,7%	3,5%	3,7%			6,2%	31
	Véla- og vélafólk	20,8%	19,6%	6,2%		20,8%		9,3%						12,9%		10,5%	10
	Námsmenn	26,3%		13,0%	4,2%	4,0%	4,3%	6,4%	4,1%	1,8%		5,6%		1,8%	1,8%	26,6%	53
	Ekki útvinnandi	37,2%	14,3%	14,2%	5,9%	2,7%	4,8%	4,9%		2,4%	2,4%		2,1%	1,5%		7,6%	42
Heimilis.	Undir 250 þúsund	26,5%	16,5%	11,5%	1,8%	3,7%	8,7%	11,0%			1,6%	5,0%	1,8%		1,6%	10,4%	60
	250-399 þúsund	22,4%	24,2%	12,7%	3,2%	7,5%	2,8%	1,0%	2,1%	4,1%	0,9%	3,1%	2,8%	2,6%	1,1%	9,6%	102
	400-599 þúsund	27,8%	18,6%	12,4%	7,3%	5,4%	4,0%	2,8%	5,9%	1,9%	4,4%	0,9%		0,9%	0,9%	6,8%	117
	600-799 þúsund	22,2%	25,7%	8,6%	8,3%	2,8%		5,6%		7,8%	1,1%			4,7%	1,5%	11,8%	70
	800 þúsund eða hærri	19,5%	23,7%	15,3%	7,4%	3,7%	6,9%	5,1%	3,6%	1,0%	2,3%	1,3%		1,0%		9,1%	83

Stærst í flokknum annað

Námsmenn (4)
 Ungt fólk (3)
 Útigangsmenn (3)
 Útrásavíkingar (3)
 Dettur enginn í hug (2)
 Fólk á aldrinum 20-45 (2)
 Millistéttar fólk (2)

Tóku afstöðu	466	53,9%
Tóku ekki afstöðu**	399	46,1%
Samtals spurðir	865	

**Þeir sem tóku ekki afstöðu eru þeir sem svöruðu annað hvort 'veit ekki' eða 'vil ekki svara'

Fimm hópar standa verst í íslensku samfélagi. Þeir eru **atvinnuleitendur, barnafjölskyldur og einstæðir foreldrar, innflytjendur, öryrkjar og börn og ungt fólk sem skortir tækifæri**. Ekki eru allir sem tilheyra ofangreindum hópum berskjaldaðir, heldur þeir sem auk þess að tilheyra hópunum búa við erfiðar félagslegar og/eða fjárhagslegar aðstæður. Niðurstöður úr netkönnun á vegum Markaðs- og miðlarannsóknastofnunar staðfesta þetta.

Atvinnuleitendur með litla menntun umfram grunnskólapróf eru fjölmennasti hópurinn á atvinnuleysissskrá og þeir sem standa verst innan hópsins. Afleiðingar atvinnuleysis á andlega og líkamlega líðan fólks geta verið margvíslegar.

Barnafjölskyldur og einstæðir foreldrar með lágar tekjur búa oft við fátækt. Þessi hópur á erfitt með að ná endum saman og leitar sér aðstoðar vegna útgjalda tengdum börnunum, t.d. vegna skólamáltíða og tómstunda.

Berskjaldaðastir í hópi innflytjenda eru þeir sem tala litla eða enga íslensku, þeir sem eru einangraðir og skortir félagslegt net.

Þeir öryrkjar sem hafa aðeins til framærslu óskertar bætur frá Tryggingastofnun standa höllum fæti í samfélaginu, m.a. vegna þess að bætur eru lágar og duga ekki til framfærslu.

Börn og unglingar sem eiga forsjáraðila sem eru illa í stakk búnir til að mæta líkamlegum og andlegum þörfum þeirra eru hópur sem þarf að huga að í framtíðinni. Ungt fólk sem hvorki er að afla sér menntunar né er í vinnu er hópur sem er einnig í hættu með að verða berskjaldaður í framtíðinni.

Brýnt er að efla atvinnulífið um allt land, draga úr atvinnuleysi og leita leiða til að auðvelda fólki án atvinnu að komast aftur út á vinnumarkaðinn. Nauðsynlegt er að reyna með ýmsum hætti að draga úr vanlíðan og öðrum íþyngjandi áhrifum atvinnuleysis.

Efla þarf þjónustu opinberra stofnana með því að bæta upplýsingaflæði þeirra á milli og samhæfa aðgerðir. Skilvirk og samhæfð starfsemi stofnana getur auðveldað fólki aðgang að þjónustu, upplýsingum og ráðgjöf og þannig aukið líkurnar á að fólk fái aðstoð og úrræði við hæfi.

Mikilvægt er að halda vel utan um börnin, sérstaklega börn þeirra sem hafa lítið milli handanna, til að hindra þann vítahring að upp vaxi kynslóð eftir kynslóð innan sömu fjölskyldunnar sem aldrei hefur stundað atvinnu. Mikilvægast er að tryggja öllum börnum aðgang að íþrótt- og tómstundastarfi til að þau verði ekki útundan í félagslífi.

Fordómar gagnvart innflytjendum og fólki með geðraskanir valda því að fólk stendur höllum fæti í samfélaginu. Fordómar geta hindrað fólk í að taka virkan þátt í samfélaginu og því er nauðsynlegt að vinna markvisst gegn þeim.

Í þessari skýrslu hefur verið gerð grein fyrir því hvaða fólk stendur verst í íslensku samfélagi um þessar mundir, af hverju og hvernig megi breyta aðstæðum þess til batnaðar. Rauði kross Íslands hyggst nota þessar upplýsingar til að meta og skilgreina hvar þörfin fyrir aðstoð er mest, til að forgangsraða verkefnum, ákveða hvernig haga skuli málsvarastarfi og við endurskoðun á stefnu félagsins. Að auki er ætlunin að vekja athygli almennings og stjórnvalda á aðstæðum bágstaddra á Íslandi, í þeirri von að samfélagið taki höndum saman og bæti hag og aðstæður þar sem þrengir að í íslensku samfélagi.

Fjöldi atvinnulausra í lok mánaðar 2000-2010, mánaðarleg gögn/ Fjöldi í lok mánaðar. útg. VMST apríl 2010. <http://vinnumalastofnun.is/utgefing-efni-og-talnaefni/tolulegar-upplýsingar/>. Reykjavík: Vinnumalastofnun.

Forsætisráðuneytið. (2006). Skýrsla forsætisráðherra um fátækt barna og hag þeirra, samkvæmt beiðni. Reykjavík: Forsætisráðuneytið.

Hagstofa Íslands. (2009). www.hagstofa.is.

Hagstofa Íslands. (2010). www.hagstofa.is.

Hagstofa Íslands. (2010). Laun á almennum vinnumarkaði 2009. Reykjavík: Hagstofa Íslands.

Hallfríður Þórarinsdóttir. (2009). Staða innflytjenda á erfiðleikatímum - raddir og viðhorf. Reykjavík: MIRRA og Rauði kross Íslands.

Hrefna Pálsdóttir et al. (2009). Ungt fólk utan skóla 2009. Félagsleg staða 16-20 ára ungmenna á Íslandi sem ekki stunda nám við framhaldsskóla árið 2009. Reykjavík: Rannsóknir og greining.

Jón Sigurður Karlsson. (1992, sept.-okt.). Samhengi atvinnuleysis og (van)líðanar. Sálfræðilegar og félagsfræðilegar rannsóknir á áhrifum atvinnuleysis. Greinina má finna á: <http://persona.is/index.php?action=articles&method=display&aid=185&pid=27>.

Koskenvuo, M., Lamberg, T., Luukkaala, T., Virtanen, P., Vahtera, J. (2010). Unemployment, depressiveness and disability retirement: a follow-up study of the Finnish HeSSup population sample. *Soc Psychiat Epidemiol*, 45:259-264.

„Labour ministers up the fight to prevent a lost generation.“ (2010, 11. janúar). Frétt birtist á vefsíðu Nordic Labour Journal og má finna á:

<http://nordiclabourjournal.org/i-fokus/theme-nordic-meeting-of-labour-minister-with-focus-on-youth/labour-ministers-up-the-fight-to-prevent-a-lost-generation?searchterm=labour+ministers+up+the+fight>.

Makaðs- og miðlarannsóknir. (2010). Spurningakönnun unnin fyrir Rauða kross Íslands. (Óbirt skýrsla). Reykjavík: MMR.

Rannveig Sigríður Ragnarsdóttir og Thelma Þorbergsdóttir. (2009). Börn og fátækt: Staða barna í íslenska velferðarkerfinu. (Óbirt BA-ritgerð). Háskóli Íslands, félagsráðgjafadeild.

Rauði kross Íslands. (1994). Skýrsla um störf vinnuhóps Rauða kross Íslands um þá sem minnst mega sín í íslensku þjóðfélagi. Reykjavík: Rauði kross Íslands.

Rauði kross Íslands. (1998). Fundargerð aðalfundar.

Rauði kross Íslands. (2000). „Hvar þrengir að?“. Reykjavík: Rauði kross Íslands.

Rauði kross Íslands. (2000). Lög, starfsreglur og stefna 2000. (Bæklingur). Reykjavík: Rauði kross Íslands.

Rauði kross Íslands. (2007). Byggjum betra samfélag. Reykjavík: Rauði kross Íslands.

Rauði kross Íslands. (2007). Lög, starfsreglur og stefna 2007. (Bæklingur). Reykjavík: Rauði kross Íslands.

United Nations Development Programme. (2009). Human Development Report 2009. Overcoming barriers: Human mobility and development. New York: Palgrave Macmillan.

Valgerður Katrín Jónsdóttir. (2007). Vonleysið er verst. *Tímarit hjúkrunarfræðinga*, 83(4):16-23.
Staða á vinnumarkaði í mars 2010. Útg. VMST 15. apríl 2010. :http://vinnumalastofnun.is/files/mars10_872315845.pdf. Reykjavík: Vinnumalastofnun.

Vefsíða Ríkisútvarpsins.
<http://www.ruv.is/frett/baetur-og-lagmarkslaun-undir-morkum>.

Vefsíða Tryggingastofnunar ríkisins:
<http://eplica.tr.is/media/skjolpdf/Greidslur--skerdingar-2008jul1.pdf> og http://www.tr.is/media/eydublod//Upphaedir_bota_almannatrygginga_2010.pdf.



Nafn, staða
Heimilisfang

Reykjavík, 5. mars 2010

Kæri (nafn),

Rauði kross Íslands hefur þrisvar áður kannað hverjir það eru sem verst standa í íslensku samfélagi. Fyrsta landskönnunin var gerð árið 1994, önnur árið 2000 og sú þriðja árið 2006. Niðurstöður voru öll árin birtar í skýrslum undir heitinu Hvar þrengir að? Samkvæmt verkefnaáætlun Alþjóðasambands landsfélaga Rauða krossins og Rauða hálfmánans, fyrst fyrir árin 1990–2000 og aftur fyrir árin 2000–2010, er eitt meginmarkmið hreyfingar Rauða krossins og Rauða hálfmánans að vinna með þeim sem minnst mega sín. Kannanir og rannsóknir eru liður í því að ná þessum markmiðum. Með þeim er Rauði krossinn hæfari til að meta hvar þörfin er mest og getur vandað betur verkefnaval og forgangsöðun viðfangsefna. Í könnununum er leitað til sérfræðinga, þ.e.a.s. þeirra sem starfs síns vegna búa yfir upplýsingum um þá sem standa höllum fæti í íslensku samfélagi.

Rauði kross Íslands undirbýr nú sambærilega könnun við þær þrjár sem nefndar voru hér að framan. Er þess hér með óskað að þú takir þátt í henni á grundvelli sérþekkingar þinnar. Áætlað er að skýrsla með niðurstöðum könnunarinnar verði tilbúin í maí 2010.

Ef þú samþykkir þátttöku ertu vinsamlegast beðin(n) um að svara spurningalista sem hægt er að nálgast á heimasíðu Rauða kross Íslands. Í kjölfarið mun ég hafa samband við hluta af þátttakendum og taka viðtöl við þá. Nafn þitt mun hvergi koma fram í niðurstöðum heldur verður vísað í starfsgrein þína. Það tekur um 10 til 15 mínútur að svara spurningalistanum og viðtal í framhaldinu tekur að hámarki eina klukkustund.

Ef þú hefur ekki áhuga á að taka þátt vinsamlegast láttu mig vita með því að senda tölvupóst á **paola@redcross.is** eða hringja í síma 869-8261. Ef ekkert svar berst lít ég þannig á að þú hafir samþykkt að taka þátt í könnuninni og munir svara spurningalistanum á netinu sem hægt er að nálgast á vefslóðinni **www.redcross.is/konnun**. Svör þurfa að berast fyrir 17. mars 2010.

Það kemur sér betur fyrir okkur að svarað sé á netinu en ef þér finnst betra að svara listanum skriflega þá læturðu mig vita og ég sendi þér spurningalistann um hæl.

Virðingarfyllst,

Paola Cardenas
Verkefnisstjóri
Rauði kross Íslands
Efstaleiti 9,
103 Reykjavík



Rauði kross Íslands

„Hvar þrengir að?“

Spurningalisti

1. Hvaða hópur/hópar í samfélaginu telur þú að hafi það bágast í dag og af hverju?
 - 1a. Hvar og hvernig kynntist þú stöðu hans/þeirra?
 - 1b. Á hvaða hátt mætti efla þennan hóp/þessa hópa?
 - 1c. Hvers konar breytingar telur þú að þyrftu að eiga sér stað í samfélaginu eða hjá hinu opinbera til þess að staða þessa hóps/hópa gæti batnað?
2. Telur þú að hægt sé að gera greinarmun á ástandi innan sveitarfélaga eða á milli sveitarfélaga eða landshluta? Ef svo er, hvernig þá og hvers vegna?
3. Telur þú að það sé einhver hópur/hópar fólks sem á á hættu að verða bágstaddur í framtíðinni? Ef svo er, á hvaða hátt og hvers vegna?
4. Telur þú að það sé hægt að gera greinarmun á því hverjir hafi það verst, annars vegar félagslega og hins vegar fjárhagslega? Ef svo er, hvernig þá?
5. Telur þú að fátækt sé á Íslandi? Ef svo er, hvernig birtist hún þér helst í þínu starfi?
6. Verður þú vör/var við að börn/fullorðnir séu beitt ofbeldi eða sýnd vanræksla? Ef svo er, hvernig birtist það í þínu starfi?
7. Stendur einhver hópur/ein hverjar hópar innflytjenda höllum fæti í íslensku samfélagi að þínu mati?
8. Hvernig birtast þér afleiðingar atvinnuleysis í þínu starfi?
9. Telur þú aðra þætti, sem ekki hafa verið nefndir hér að ofan, valda því að fólk stendur höllum fæti í samfélaginu?
10. Getur þú bent okkur á einhverja aðila, samtök eða félög sem geta gefið frekari upplýsingar um bágstadda á Íslandi?

Markmið Rauða krossins

Hugsjónagrundvöllur Rauða krossins er fólgin í markmiðunum sjö um mannúð, óhlutdrægni, hlutleysi, sjálfstæði, sjálfböðna þjónustu, einingu og alheimshreyfingu. Sérhverjum starfsmanni og sjálfböðaliða Rauða krossins um heim allan ber að starfa samkvæmt grundvallarmarkmiðunum.

Mannúð

Alþjóðahreyfing Rauða krossins og Rauða hálfmánans, sem spratt upp af löngun til að veita þeim sem særst höfðu á orrustuvelli hjálp án manngreinarálits, reynir með alþjóðlegu starfi og starfi landsfélaga að koma í veg fyrir og léttja þjáningar fólks hvar sem það er statt. Tilgangur hreyfingarinnar er að vernda líf og heilsu og tryggja virðingu fyrir mannlegu lífi. Hún vinnur að gagnkvæmum skilningi, vináttu, samstarfi og varanlegum friði meðal allra þjóða.

Óhlutdrægni

Hreyfingin gerir engan mun á milli manna eftir þjóðerni þeirra, uppruna, trúarbrögðum, kyni, stétt eða stjórnmálaskoðunum. Hún reynir að draga úr þjáningum einstaklinga og tekur þá eingöngu tillit til þarfa hvers og eins en veitir forgang þeim sem verst eru staddir.

Hlutleysi

Svo að hreyfingin megi áfram njóta almenns trausts, skal hún gæta hlutleysis í ófriði og aldrei taka þátt í deilum vegna stjórnmála, uppruna, trúarbragða eða hugmyndafræði.

Sjálfstæði

Hreyfingin er sjálfstæð. Þótt landsfélög veiti aðstoð í mannúðarstarfi stjórnvalda og lúti lögum lands síns, verða þau ætíð að varðveita sjálfstæði sitt svo þau geti starfað í samræmi við grundvallarmarkmið hreyfingarinnar.

Sjálfböðin þjónusta

Hreyfingin er borin uppi af sjálfböðnu hjálparstarfi og lætur aldrei stjórnast af hagnaðarvon.

Eining

Í hverju landi má aðeins vera eitt landsfélag Rauða krossins eða Rauða hálfmánans. Það skal vera öllum opið og vinna mannúðarstarf um landið allt.

Alheimshreyfing

Hreyfing Rauða krossins og Rauða hálfmánans nær um heim allan, og öll landsfélög hafa jafnan rétt og ábyrgð og sömu skyldur til gagnkvæmrar hjálpar.